

Úttekt á starfsemi
Menntaskólans á Akureyri
apríl - júní 2011

Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið



Hitt og Þetta ehf.

Jón Bergsson

Guðrún Helga Sederholm

Kópavogur, 10. júní 2011

Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

 Hitt og Petta ehf

Ráðgjafarþjónusta

Víðigrund 61, 200 Kópavogur

Sími 5544873 – 8645622

Kt. 560896 – 2989

www.hittog.com

Efnisyfirlit

Heildarmat	1
Inngangur	2
Markmið úttektar	2
Framkvæmd	2
Skólinn	4
Stutt lýsing á Menntaskólanum á Akureyri	4
Skólastefna og áherslur skólans	6
Stjórnun og skipulag	8
Ytri tengsl	12
Tillögur	13
Skólanámskrá	14
Almennur hluti og námsbrautarlýsingar	14
Ný námskrá	15
Inntökuskilyrði	16
Skipulag skólastarfsins	17
Tillögur	21
Kennsla, námskröfur og námsmat	22
Kennsla	22
Námskröfur og námsmat	24
Tillögur	25
Félagslegt umhverfi	26
Skólabragur	26
Námsráðgjöf og stuðningur við nemendur	27
Einelti í skólanum	28
Nemendafélag	28
Forvarnarstarf	29
Tillögur	30
Stoðþjónusta	31
Ráðgjöf og stuðningur	31
Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku	31
Tillögur	32
Mat á skólastarfi	33
Innra mat og umbótastarf	33
Ytra mat	37

Tillögur	38
Niðurstöður höfunda.....	39
Styrkleikar og veikleikar	39
Styrkleikar	39
Veikleikar.....	40
Tillögur að aðgerðum til úrbóta.....	41
Heimildir.....	42



Heildarmat

Menntaskólinn á Akureyri er ein af elstu menntastofnunum á Íslandi með nokkuð langa sögu. Hann er bóknámsskóli sem leggur áherslu á að vera landsmenntaskóli og um fjórðungur nemenda skólans er af landsbyggðinni, utan Eyjafarðarsvæðisins. Heimavist hefur verið við skólann frá upphafi. Skólinn er bekkjarkerfisskóli með áfangakerfi. Skólinn leitast við að vera í fremstu röð framhaldsskóla á landinu með áherslu á að stúdentar MA séu gjaldgengir í hvaða háskólanám sem er hvar sem er í veröldinni. Námsframboð skólans er mjög fjölbreytt.

Núverandi skólameistari tók við 2003 og hófst þá strax handa við ýmsar breytingar á skólastarfinu, skólanum til ávinnings. Hann hefur lagt áherslu á að færa skólahaldið til nútímalegra horfs og vinnan við nýja hugsun og nýja námskrá var því hafin þegar löggin um framhaldsskóla voru samþykkt árið 2008. Grunnur breytinga var lagður nokkrum árum áður en fékk meðbyr með lögnum. Breytingar á hugsunarhætti hafa gert það að verkum að framkvæmd laganna hefur verið tiltölulega auðveld en skólameistari lítur svo á að ólíkar skoðanir eigi að vera til staðar í skólanum og eigi fullan rétt á sér.

Tekist hefur með aðkomu stjórnenda, kennara og nemenda að móta skólasýn eða stefnu sem virkar í raun. Starfsmannastefna, Velgengnisdagur og annað sem tengist skólastarfinu beint ber vott um að svo sé. Einkunnarorð skólans eru: virðing, víðsýni, árangur. Þessi einkunnarorð falla vel að 2. gr. laga um framhaldsskóla frá 2008 auk þess að endurspeglast í kennsluháttum og viðhorfum kennara, nemenda og starfsfólks. Nemendur eru vanir því að sýna öðrum virðingu, þeir eru víðsýnir og fram kom í viðtölum að þeir höfðu skýrar skoðanir og áttu auðvelt með að tjá þær og setja fram gagnrýni. Félagslíf nemenda einkennist af ábyrgð. Þeir leggja áherslu á vímuefnalaust félagslíf og sýna styrk og samstöðu til að standa við það, svo eftir er tekið.

Áhersla er lögð á jákvætt andrúmsloft og virðingu fyrir jafnrétti í skólanum. Þegar þetta fer saman er líklegt að öflug forvörn gegn einelti sé til staðar. Skólabragur í skólanum er góður og heilbriggt andrúmsloft virðist ríkjandi í skólasamfélaginu. Sjálfsmatið er nýtt til umbótastarfs og áhersla hefur verið lögð á að skoða brotthvarf sérstaklega með því að brotthvarfsnemendur hafa fengið að tjá sig í könnunum.

Stjórnendur skólans leggja áherslu á þátttöku sem flestra í mótun skólastarfsins og það virðist skila sér í því að taka áskorunum um breytingar og laga sig að samfélagi í þróun.

Inngangur

Markmið úttektar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (hér eftir ráðuneytið) sendi Hitt og Þetta ehf (www.hittog.com) „Erindisbréf vegna úttektar á starfsemi Menntaskólans á Akureyri“, þann 24. febrúar 2011. (MMR11010283/6.14.3-). Þar segir meðal annars:

„Úttektin er gerð á grundvelli 42. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á framhaldsskólastigi. Markmið með úttektinni er að leggja mat á starfsemi Menntaskólans á Akureyri með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemi skólans. Í úttektinni skal m.a. lögð áhersla á eftirfarandi: Stjórnun, kennslu, námsmat, námskröfur, nýtingu tíma, starfsanda, viðhorf nemenda, starfsfólks og nærsamfélags til skólastarfsins, svo og menntun kennara. Jafnframt skal lagt mat á hvernig innra mat skólans nýtist skólanum, sérstaklega með tilliti til umbótastarfs.“

Úttektin skal unnin á tímabilinu febrúar 2011 til júní sama ár, og byggja á fyrirbyggjandi gögnum og viðtölum við skólameistara, aðra stjórnendur og fulltrúa kennara, annars starfsfólks, nemenda, foreldra og skólanefndar. Úttektarskýrslu skal skilað til ráðuneytisins eigi síðar en 10. júní 2011, og í henni skal gerð grein fyrir helstu styrkleikum og veikleikum skólastarfsins og setja fram rökstuddar og raunhæfar tillögur að aðgerðum til úrbóta. Áður en úttektarskýrslu er skilað skal gefa skólameistara og formanni skólanefndar tækifæri til að gera efnislegar athugasemdir við lokadrög skýrslunnar, en úttektaraðilar meta hvort tillit er tekið til athugasemda við lokagerð skýrslunnar.

Framkvæmd

Í úttektinni var farið eftir skilgreiningu á umfangi, markmiðum, viðföngum, tímasetningu, og skilakröfum eins og sett er fram í erindisbréfi ráðuneytisins og fylgiskjali. Byggt var á skipulögðum viðtölum og rýni gagna. Allar niðurstöður í úttektinni eru því byggðar á staðfestum og rekjanlegum gögnum og orðrétt skráðum viðtölum við viðmælendur.

Menntaskólinn á Akureyri (hér eftir MA eða skólinn) var heimsóttur og viðtölin fóru þar fram sem einstaklingsviðtöl í einrúmi og þátttakendur gáfu góðfúslega leyfi til upptöku viðtalanna. Viðtölin voru rituð um leið og þau fóru fram en upptökur notaðar við lokafrágang til að



tryggja réttmæti. Tveir úttektaraðilar voru í viðtölunum, spyrill og ritari. Sami viðtalsvísir var notaður í öllum viðtölunum til að tryggja samræmi í spurningum sem lagðar voru fyrir viðmælendur, en í þremur útgáfum: Fyrir stjórnendur og kennara, fyrir nemendur og foreldra, og fyrir starfsfólk. Einstaklingar innan sama hóps fengu jafnlangan tíma í viðtali til að tryggja jafnræði.

Eigindleg aðferð (Qualitative research) var notuð til að greina áherslupætti í viðtölunum og dregin var fram orðrétt frásögn í texta innan gæsalappa í skýrslunni til að auka trúverðugleika.

Tekin voru viðtöl við skólameistara, einn námsbrautarstjóra, formann skólanefndar og fulltrúa starfsmanna, kennara, nemenda og foreldra nemanda yngri en 18 ára. Alls voru tekin fjórtán viðtöl.

Allir þáttakendur tóku úttektaraðilum vel og viljum við koma á framfæri þakklæti okkar fyrir samvinnuna.

Úttektarskýrslunni er skipt í nokkra meginkafla um *skólann, skólanámskrá, kennslu/námsmat/námsárangur, félagslegt umhverfi, stoðþjónustu og mat á skólastarfi*. Í lok hvers undirkafla er *mat okkar* og í lok hvers meginkafla eru *tillögur*. Þannig er reynt að lýsa, greina og meta alla þætti skólastarfsins eins og kostur er. Aftast í skýrslunni eru *niðurstöður höfunda* flokkaðar í styrkleika og veikleika og *tillögur að aðgerðum til úrbóta og heimildaskrá*. Fremst í skýrslunni er *heildarmat* úttektaraðila dregið saman.



Skólinn

Stutt lýsing á Menntaskólanum á Akureyri

„Menntaskólinn á Akureyri er bóknámsskóli sem byggir á fornri hefð en leitast við að vera í fremstu röð framhaldsskóla á Íslandi. Stúdentar úr MA eiga að vera gjaldgengir í hvaða háskólanám sem er hvar sem er í veröldinni“. Einkunnarorð skólans eru: virðing – víðsýni – árangur. Þannig er skólanum lýst í *Skólaskýrslu Menntaskólans á Akureyri skólaárið 2009 – 2010* (1).

Í skjalinu *Stiklað á stóru um Menntaskólann á Akureyri* kemur fram að MA er ein af elstu menntastofnunum landsins og á rætur sínar að rekja til hins endurreista norðlenska skóla á Möðruvöllum í Hörgárdal, sem stofnaður var 1880, en hann var arftaki hins forna stólsskóla eða dómskóla á Hólum í Hjaltadal. Eftir að skólahúsið á Möðruvöllu brann árið 1902 var skólinn fluttur til Akureyrar. Gamli skóli, timburhúsið á Brekkubrúninni, var reistur sumarið 1904, ípróttahúsið ári síðar og hús Heimavistar á árunum 1946 – 1956. Haustið 1969 var tekið í notkun kennsluhús fyrir raungreinar með samkomusal í kjallara, og nefndist Möðruvellir. Haustið 1996 var tekið í notkun nýtt kennsluhúsnæði, Hólar, með kennslustofum, bókasafni og samkomusal, sem gengur undir nafninu Kvosin. Kvosin er eins konar miðpunktur eða torg skólans. Þar er félagsaðstaða nemenda, bókasafnið, lesaðstaða og nestisaðstaða. Í Kvosinni eru allar skemmtanir skólafélagsins haldnar, tónleikar og fleira, en árshátíð skólans er haldin úti í bæ. Sumarið 2003 var tekið í notkun á skólalóðinni nýtt heimavistarhús. Þá var stofnað rekstrarfélag um heimavist fyrir nemendur úr báðum framhaldsskólunum á Akureyri, MA og Verkmenntaskólanum á Akureyri, sem hýsir um það bil 300 nemendur í eins og tveggja manna herbergjum (14).

Á vefsíðu skólans er ágætis lýsing á húsum skólans og afstöðumynd. Hólar standa á milli Gamla skóla og Möðruvalla og eru þessar þrjár byggingar tengdar saman með gangi sem vel sést á myndinni. Ípróttahúsið er sunnan við ganginn og heimavistarhúsin tvö nokkru ofar og vestan við Möðruvelli (15).

Bókasafn skólans er í hjarta skólans á Hólum. Þar er gott safn bókmennta- og fræðiritra auk tímarita til lestrar eða útlána, og vinnuaðstaða fyrir nemendur. Tveir bókasafnsfræðingar vinna á safninu sem er opið alla virka daga.

Heildarflatarmál húsnæðis skólans er tæplega sjöþúsund fermetrar, sem gerir þá rúmlega níu fermetra á hvern nemanda ef allt er talið. Að sögn skólameistara er helst skortur á vinnurými

fyrir kennara núna (45). Undanfarin ár hafa verið að meðaltali um 23 – 25 nemendur í bekk, mest 33 og minnst 8 nemendur. Á vorönn 2011 eru bekkjarstærðir á milli 15 og 31 nemandi (18).

Rekstrarfélagið Lundur á Akureyri sér um rekstur heimavistarinnar. Þar búa nú um það bil 330 manns og er plássu skipt á milli skólanna þannig að MA hefur 2/3 hluta og VMA 1/3. Á heimavist er þvottaaðstaða nemenda og mótuneyti sem allir nemendur hafa aðgang að (16).

Árið 1924 var byrjað að kenna námsefni til stúdentsprófs, og með lögum árið 1930 var kveðið á um að á Akureyri skyldi vera skóli er nefnist Menntaskólinn á Akureyri. Allar götur síðan hafa stúdentar brautskráðst frá MA og voru 17. júní árið 2010 orðnir 7.122 talsins (14).

Nú er kennt á fjórum brautum til stúdentsprófs í skólanum, auk tveggja nýrra brauta sem tóku við nemendum haustið 2010. Þá er kennt á almennri námsbraut, hraðlínu og stoðlínu.

Tafla I: Fjöldi skráðra nemenda í MA eftir brautum og kyni í október 2006 til 2010 (26).

Ár	ANH	ANS	FÉ	MB	NÁ	NÁ2	RGS	TFS	Nem. alls	kvk	kk
2006	16	20	273	116	256	68			749	438	311
2007	17	15	272	123	301	55			783	447	336
2008	18	16	288	100	223	103			748	430	318
2009	19	16	307	86	278	69			775	450	325
2010	14	5	255	67	146	50	114	101	751	444	307
Mt.	16,8	14,4	279	98,4	240,8	69			761,2	441,8	319,4
%	2,21	1,89	36,7	12,9	31,6	9,06				58,0	42,0

ANH: Almenn námsbraut, hraðlína, fyrir þá sem teknir eru inn úr 9. bekk.

ANS: Almenn námsbraut, stoðlína, fyrir þá sem ekki hafa náð tilskyldum árangri í 10. bekk.

FÉ: Félagsfræðibraut.

MB: Málabraut.

NÁ: Náttúrufræðibraut, eðlisfræðilína.

NÁ2: Náttúrufræðibraut, náttúrufræðilína.

RGS: Raungreinasvið, frá og með haustönn 2010.

TFS: Tungumála- og félagsgreinasvið, frá og með haustönn 2010.

Nánar verður fjallað um brautir og nýja námsferla í kaflanum um *Skólanámskrá* hér á eftir.



Í **töflu I** sést að fjöldi nemenda við skólann hefur verið tiltölulega stöðugur undanfarin fimm ár, mest 783 árið 2007 og minnst 748 árið 2008. Fjölmennustu brautirnar eru félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut, náttúrufræðilína. Um helmingur nemenda skólans er á félagsfræðibraut og málabraut. Konur voru heldur fleiri en karlar síðustu fimm ár, eða 58% á móti 42% að meðaltali.

Í skjalinu *Stiklað á stóru um Menntaskólann á Akureyri* segir að frá upphafi hafi nemendur skólans verið úr öllum landsfjórðungum, og hafi heimavistin átt sinn þátt í því. Þá hafi stefna skólans jafnan verið og sé enn að vera landsmenntaskóli (14). Ef litið er á tölur yfir búsetu nemenda í fyrsta bekk á árunum 2004 til 2007 má sjá að um 53% nýnema koma frá grunnskólunum sex á Akureyri, 17% koma af Eyjafjarðarsvæðinu (Dalvík, Ólafsfirði, Grenivík, Hrísey, Siglufirði, Þelamörk, Hrafnagili og Valsárskóla) og 26% koma af landsbyggðinni (allir aðrir grunnskólar á landinu) (17). Stefna skólans sem landsmenntaskóli virðist því hafa við nokkur rök að styðjast.

Mat okkar er að nemendur skiptist nokkuð jafnt á milli raungreinasviðs og tungumála- og félagsgreinasviðs.

Aðsókn að skólanum virðist nokkuð stöðug undanfarin fimm ár.

Heimavist skólans styðji við blandaðan nemendahóp með tilliti til búsetu.

Skólastefna og áherslur skólans

Skólastefna MA birtist í *Skólasýn* skólans. Skólasýnin er í tíu liðum og tekur til allra fimm þátta ráðuneytisins í menntun að mati úttektaraðila. Skólasýnin er birt á vefsíðu skólans (29) og var hengd upp í öllum kennslustofum haustið 2010.

Megináherslur MA eru einnig birtar á vefsíðu skólans í sjö liðum, meðal annars „að gefa nemendum alls staðar að af landinu tækifæri til þess að stunda nám í traustum menntaskóla með ríkar hefðir, öflugt félagslíf og góða aðstöðu til náms“ og „að vinna gegn brottfalli með því að veita nemendum ráðgjöf og stuðning og með því að bjóða fram nám og kennslu sem eykur áhuga og hvetur til betri ástundunar“ (30).

„Sérstaða skólans felst í því:

- að skólinn er bekkjarskóli með áfangakerfi
- við skólann er almenn bóknámsbraut þar sem nemendur er teknir á hraðlínu beint úr 9. bekk grunnskóla



- við skólann er heimavist þar sem krafist er algerrar reglusemi
- skólaárið er frá miðjum september til 17. júní þegar skóla er slitið og stúdentar brautskráðir
- lögð er rækt við sögu skólans og hefðir
- haldið er góðum tengslum við gamla nemendur“ (31).

Ekki verður annað séð en að skólastefna, megináherslur og sérstaða MA sé vel skilgreind og skilmerkilega sett fram á heimasíðu skólans.

Stjórnendur, kennarar, nemendur og starfsmenn sögðust í viðtölum hafa komið að mótun skólastefnunnar sem kölluð er skólasýn. Skólameistari sagði að fljótlega uppúr 2003 – 2004 hafi námskrá skólans verið endurskoðuð, og starfsmenn kynnt sér m.a. Balanced Scorecard eða árangursmiðaða stjórnun. „*Þetta var fyrir 2008 lögin. Þau staðfestu bara það sem við vorum að vinna að. Fékk þarna lagastöð....vorum langt komin að ræða þetta allt*“. Hann sagðist hafa tekið við sem skólameistari 2003 og þá hafi verið farið markvisst í þetta og nemendur komið að vinnunni með rýnihópum til þess að tryggja lýðræðisleg vinnubrögð: „*Skólasýn okkar er það sem við viljum vera mæld á. Reynum að hafa áfangalýsingar þannig að samræmist skólasýn...séum að gera í praxís það sem við segjum...Í grunninn er þetta einfalt. Námskrá setur markmið og kennarinn setur sér markmið*“. Aðrir viðmælendur taka undir þessi orð skólameistara og segja skólasýnina eða stefnuna hafa verið lengi í þróun með aðkomu allra í skólasamfélaginu.

Enginn vafi er í hugum viðmælenda að hinir fimm grunnþættir ráðuneytisins: læsi, lýðræði, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi starf séu hafðir að leiðarljósi og birtist í skólasýninni sem hengd hafi verið upp í skólastofunum og sé þannig sýnileg. Tekið er fram að sjálfsmatsnefndin hafi haft dag þar sem kennsla hafi verið felld niður og nemendur fengu að segja hvernig skóla þeir vildu hafa. Skólanefndin kom að þessari vinnu.

Á haustönn 2010 var skólinn tilbúinn til að innleiða nýja skólastefnu (skólasýn) og hefja innleiðingu nýrrar námskrár skólans. Áfram er boðið upp á fjögurra ára nám til stúdentsprófs, en nú á tveimur meginsviðum: raungreinasviði og tungumála- og félagsgreinasviði. Val nemenda er verulega aukið og er um fjórðungur námsins. Áfram verður kennt í bekkjum en námið er áfangaskipt (14).

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008, 44. gr., skulu áherslur í starfsemi skóla, námskrár, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og annað sem



æskilegt er talið af hálfu samningsaðila koma fram í samningi milli ráðherra og viðkomandi skóla, sem gerður er til 3-5 ára í senn (5). Við úttekt lá þessi samningur ekki fyrir, en samkvæmt upplýsingum frá skólameistara er hann nánast tilbúinn til undirritunar (45).

Mat okkar er að fimm grunnþættir ráðuneytisins í menntun birtist í skólasýn MA.

Skólastefna, megináherslur og sérstaða MA sé vel skilgreind og skilmerkilega sett fram á heimasíðu skólans.

Stjórnendur, kennarar, nemendur og starfsmenn hafi komið að mótum skólasýnar MA.

Breyting hafi orðið á skólastefnu og áherslum skólans á haustönn 2010.

Skólasamningur milli ráðherra og MA sé ekki frágenginn.

Stjórnun og skipulag

Núverandi skólameistari MA, Jón Már Héðinsson, var aðstoðarskólameistari áður en hann tók við sem skólameistari á haustönn 2003. Ekkert skipurit fyrir skólann er á heimasíðu, en stjórn skólans skipa auk skólameistara, aðstoðarskólameistari og þrjár námsbrautarstjórar. Aðrir stjórnendur eru: yfirbókavörður, þjónustustjóri upplýsingatæknideildar og námsgreinarstjórar, en vegna niðurskurðar í rekstri skólans eru engir námsgreinarstjórar starfandi frá hausti 2009. Auk þess eru nefndir undir flípanum *Stjórn skólans* tveir námsráðgjafar, ellefu verkefnisstjórar til tveggja ára í senn, skólanefnd og skólaráð. Stuttar lýsingar á ábyrgð og umsjón stjórnenda er á vefsíðu (32). Samkvæmt upplýsingum skólameistara hefur ekki verið gert skipurit fyrir skólann síðan árið 2003, en starfslýsingar stjórnenda og starfsmanna eru í vörslu skólameistara. Starfslýsingar kennara eru bundnar í kjarasamningum þeirra (44).

Úttektaraðilum finnst umhugsunarvert að ekki sé til skipurit sem sýnir stjórnkerfi skólans og komi fram á heimasíðu öllum til glöggvunar. Skólinn er skilgreindur sem bekkjarskóli með áfangakerfi, en ekki er gott að átta sig á hver stjórnar hverju og hverjum á þeim stuttu skilgreiningum sem birtast á vefsíðu. Þá er einnig umhugsunarvert að námsráðgjafar séu tilgreindir með stjórnendum skólans. Námsráðgjafar eru talsmenn nemenda, eins og kemur fram á vefsíðu námsráðgjafa skólans (27), og geta því ekki setið beggja vegna borðs að mati úttektaraðila.

Að mati flestra viðmælenda ber skólameistari ábyrgð á faglegu starfi og innra mati í skólanum. Aðkoma aðstoðarskólameistara er nefnd og einnig kennara.

Ekki verður annað séð en að stjórnun og skipulag MA samræmist reglugerð *um starfslið og skipulag framhaldsskóla* (35).

Tafla II: Starfsmannafjöldi MA og stöðugildi árin 2006 – 2010 (26).

	Samtals	Kennsl	Stjórnun	Afgr	Húsv	Ræst	Námsrá	Skrifst	Tölvud	Bókas	Eldh
2006	80	56	2	1	2	11	2	2	1	2	1
	62,9	49,19	3,34	1	2	4,41	1,21	2	0,6	1,50	0,65
2007	83	58	2	1	2	12	2	2	1	2	1
	66	48,71	4,02	1	2	4,66	1,5	2	0,75	1,55	0,81
2008	83	58	2	1	2	11	2	2	1	3	1
	67,9	50,34	4,31	1	2	4,52	1,5	2	0,69	1,88	0,66
2009	83	57	2	1	2	12	2	2	1	3	1
	69,9	51,15	3,95	1	2	5,22	1,5	2	0,50	1,94	0,64
2010	81	57	2	1	2	11	2	2	1	2	1
	67,9	50,10	3,80	1	2	4,65	1,5	2	0,60	1,50	0,75

Efri tölur í reitum er fjöldi starfsmanna, en neðri tölur stöðugildi.

Eins og sjá má eru litlar sveiflur í fjölda kennara og starfsmanna skólans. Rímar það ágætlega við litlar sveiflur í fjölda nemenda sem sjá má í **töflu I** hér að framan. Nokkuð hallar á karla í starfsliði skólans, því konur eru 50 á móti 31 karlmanni. Allir kennarar skólans eru með kennsluréttindi utan tveir, en þeir ljúka réttindanámi nú í vor 2011.

Starfsmannastefna MA er á vefsíðu skólans og er nokkuð ítarleg. Þar eru meðal annars ákvæði um jafnréttismál, símenntun og öryggismál og vinnuvernd (37).

Jákvætt viðhorf er til menntunar og endurmenntunar kennara að mati viðmælenda og skólameistari segir: „*Hvet fólk til að sækja sér viðbótarmenntun*“. Kennarar segjast fá tilhliðranir í stundatöflu þegar þeir þurfi að sækja sér menntun eða endurmenntun og séu hvattir til þess.

Skólameistari segir að skólinn vilji geta mælt árangur skólasýnar og að það sé í mótun núna hvernig það verði gert. Starfsmenn hafi kynnt sér m.a. Balanced Scorecard eða árangursmiðaða stjórnun, en sumir kennarar séu viðkvæmir fyrir slíkum mælingum.

Verkefnisstjóri í símenntun skipuleggur námskeið og stýrir endur- og símenntun kennara í skólanum (4).

Aðkoma skólanefndar að starfsemi skólans er að mati flestra kennara tengd ráðgjöf og stuðningi við skólameistara og fjármálum skólans. Reglulegir fundir eru haldnir með



Hitt og Þetta ehf.

skólanefndinni en með lögnum sem tóku gildi 2008 hefur skólameistari síðasta orðið. Hann segir: „*Hef stillt því þannig upp að við greiðum ekki atkvæði um skólanámskrá*“.

Skólameistari segir: „*Í þessum þrengingum legg ég áherslu á að tryggja rekstraröryggi skólans, starfsöryggi fólksins. Skemmtilegt og krefjandi að stjórna þessum skóla*“.

Upplýsingaflæði er gott í skólanum að mati viðmælanda og byggist fyrst og fremst á vikupistlum aðstoðarskólameistara sem segir þar frá því sem rætt er á stjórnendafundum, á þriðjudögum, leitar eftir efni frá starfsfólki og birtir almennar fréttir af skólastarfinu. Allir eru mjög ánægðir með þessa vikupistla, en þeir birtast einungis á vefsvæði starfsmanna. Fundargerðir kennarafunda eru birtar á vefsvæði kennara skólans og tölvupóstur gegnir veigamiklu hlutverki í upplýsingaflæðinu að allra mati. Kennari segir: „*Flest sett á netið, heimasíðuna,...fundargerðir skólanefndar ekki á netinu. Í fundargerðarbók. Ekki aðgengilegar almenningi. Við fáum útdrátt í tölvupósti*“.

Á heimasíðu skólans birtast ýmis konar tilkynningar og fréttir úr skólastarfinu bæði til gagns og til gamans. Í hverjum mánuði má sjá þarna fjölmargar fréttir úr skólastarfinu (43).

Á vefsíðu skólans má sjá hverjir sitja í *skólanefnd* og *skólaráði* þetta skólaár (32), en dagskrá funda, fundargerðir eða fréttir af fundum eru ekki birtar á vefsíðu. Aðstoðarskólameistari upplýsti að frá árinu 2009 hafi einn *skólafundur* verið haldinn á önn, *kennarafundir* séu fimm á önn, eða að jafnaði tíu á skólaárinu, og *skólaráðsfundir* séu að jafnaði þrjár á önn eða sex á skólaárinu. *Skólanefndarfundir* eru að jafnaði sjö á ári (41).

Foreldrafélag Menntaskólans á Akureyri (FORMA) var stofnað þann 19. desember 2003, og starfar samkvæmt heimild í lögum um framhaldsskóla, 50. gr. um foreldraráð (5). Foreldrafélagið hefur svæði á vefsíðu skólans þar sem má sjá lög félagsins og fundargerðir frá 2009 – 2010, en engar frá vorönn 2011 (50).

Fundargerðir skólaráðs, skólanefndar og kennarafunda eru skrifaðar í sérstakar fundargerðarbækur sem eru varðveittar á Meistarastofu (fundarherbergi skólans). Þær hafa verið afritaðar og vistaðar á sérstöku svæði á netkerfi skólans, og sendar fundarmönnum. Fundargerðir skólaafunda hafa síðustu tvö ár verið færðar í fundargerðarbók, sem er varðveitt á Meistarastofu eins og aðrar fundargerðarbækur. Að sögn aðstoðarskólameistara eru fundargerðir kennarafunda og skólaafunda ekki kynntar skólanefnd sérstaklega, eins og ráð er fyrir gert (41).

Í *Skólaskýrslu skólaárið 2009 – 2010* má sjá dagskrár kennarafunda, skólafunda, skólaráðsfunda og skólanefndarfunda það árið (1). Skólaskýrslan kemur út í lok skólaárs eða í upphafi þess næsta og gefur því ekki innsýn í skólastarf yfirstandandi skólaárs. Skólaskýrsluna má nálgast á bókasafni skólans, en hún er ekki til á tölvutæku formi. Skólaskýrslan er töluvert rit og henni fylgja *Skýrslur námsgreina* sem kennarar við skólann skrifa. Margt gagnlegt kemur fram í þessum skýrslum eins og til dæmis áfangasamantektir kennara, niðurstöður prófa og margt fleira, sem að mati úttektaðila ætti ef til vill betur heima í sjálfsmatskýrslum. Þá er umhugsunarvert hvort verjandi sé að leggja vinnu í að taka saman gögn sem ekki eru tölvutæk. Margt af því sem kemur fram í þessum skýrslum ætti erindi á vefsíðu skólans með einum eða öðrum hætti; reyndar er mikið af því sem í skýrslunni er tekið beint af heimasíðu skólans.

Úttektaðilum virðist sem upplýsingamiðlun af fundum ráða og nefnda þarfnist endurbóta. Í gildandi lögum um framhaldsskóla (5) og reglugerðum um skólanefnd (41) og skólaráð (42), er m.a. tekið fram að fundargerðir eigi að „liggja frammi í skólanum“. Telja verður eðlilegt að a.m.k. fréttir eða niðurstöður af fundum skólanefndar, skólaráðs og skólafundar séu birtar á vefsíðu skólans. Þá getur allt skólasamfélagið séð að lögskipaðir fundir séu haldnir og hvaða mál séu til umræðu. Úttektaðilar geta því ekki staðfest að starfsemi ráða og nefnda sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir þar um.

Viðbragðsáætlun Almannavarna vegna heimsfaraldurs inflúensu er birt á vefsíðu skólans (38). Að sögn skólameistara er öryggistrúnaðarnefnd starfandi við skólann og gert hefur verið áhættumat, en ekki var staðfest hvort það er unnið samkvæmt reglugerð nr. 920/2006 og Vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlits ríkisins. Rýmingaráætlun er til, að sögn skólameistara, og leiðbeiningar hanga uppi í skólanum. Þessir þættir hafa verið teknir út og samþykktir af Vinnueftirlitinu. Öryggisvörður hefur kynnt rýmingaráætlun fyrir starfsfólki, en nokkuð er síðan rýmingaræfing var síðast haldin (56).

Umhverfisnefnd hefur verið starfandi við skólann um árabil eftir umhverfisstefnu MA, og í maí 2009 afhenti fulltrúi Landverndar skólameistara *Grænfanann* (39). Þá tekur skólinn þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli* á vegum Lýðheilsustöðvar, undir forystu forvarnarfulltrúa skólans (4).

Mat okkar er að stjórnun og skipulag MA samræmist reglum ráðuneytisins.

Skipurit vanti til frekari glöggvunar á stjórn skólans.

Námsráðgjafar séu fyrst og fremst talsmenn nemenda en ekki hluti af stjórn skólans.

Upplýsingamiðlun innan skólans sé góð.

Upplýsingamiðlun af fundum ráða og nefnda þurfi að bæta.

Ytri tengsl

Foreldrafélag er við skólann og hefur sérsíðu á skólavefnum. Tekið er fram að annar námsráðgjafi skólans sitji alla fundi þess. Markmið eru tilgreind og sagt frá starfseminni.

Afstaða foreldra er yfirleitt jákvæð í garð skólans að mati nær allra viðmælenda og margir taka fram að foreldrarnir hafi sjálfir verið nemendur í skólanum og hafi jafnvel rómantískar hugmyndir um skólann: „*Voru sjálf nemendur og muna gamla tímann. Kröfuhörð...ætlast til að nemendur læri og vinni....stundum ansi miklar kröfur*“. Foreldrafélag var stofnað við skólann 2003 og hefur vaxið æ síðan. Kannanir eru gerðar á viðhorfi foreldra til skólans á nokkurra ára fresti og gefa jákvæða mynd af afstöðu foreldra til skólans. Fram kemur hjá viðmælenda: „*Almennt jákvætt. Hefur verið neikvætt út í stærðfræðina, kennsluna...þykir ihaldssöm*“.

Tenging við atvinnulífið er ekki mikil að mati flestra viðmælenda. Nemendur segja að atvinnulífið sé ánægt með að nemendur MA geti unnið lengur fram á haustið og að þeir fái yfirleitt jákvæð viðbrögð þegar þeir segjast vera í MA. Nokkrir viðmælenda vildu hafa meiri tengsl við atvinnulífið.

Varðandi afstöðu viðtökuskóla og hvert nemendur fara eftir stúdentspróf þá kemur fram hjá flestum viðmælendum að háskólanám, hérlendis og erlendis, taki við. Kannanir eru gerðar á því hvert nemendur skólans fara og skólablaðið spyr árlega um afdrif þeirra sem útskrifast hafa árinu áður og könnuð eru afdrif 10 ára stúdenta á fimm ára fresti í samvinnu við aðferðafræðikennslu í fjórða bekk. Sjálfsmatsnefndin hefur skoðað hvert nemendur fara og einnig koma upplýsingar frá Hagstofunni og Háskóla Íslands.

Skólameistari segir um erlent samstarf: „*Tökum þátt í norrænu samstarfi og við skóla í Belgíu. Erum með ferðamála kjörsvið, tungumál kennd við skólann og hvernig þau tengjast ferðamálaum. Nemendur fara svo erlendis, eftir tvo áfanga hérna heima, mennigarlæsi og umhverfislæsi. Opna umslag í flugvélinni á leið út til London og fá að vita til hvaða borgar eigi að fara*“. Kennara tala um öflugra samstarf fyrir kreppu en vegna peningaleysis hafi dregið úr því en það sé að vakna á ný. Kennarar og nemendur tala um nemenda- og

kennararskipti og segja frá heimsókn frá Chicago og samstarfi þýskukennara við skóla í Þýskalandi. Öllum nemendum nema nýnemum er kunnugt um erlent samstarf.

Sérsíða er á vef skólans um verkefnisstjóra og þeir tilgreindir en þar er ekki minnst á verkefnisstjóra erlendra samskipta þó minnst sé á hann á annari síðu sem slíkan (4). Undir Kvosinni/fréttir er að finna frásögn af samstarfi nemenda MA og ferðamálastólans í Potsdam í Þýskalandi og sagt frá því að verkefnið sem þessir aðila unnu saman hafi verið valið í hóp 10 fyrirmyndarverkefna á vegum Comeniusar (24).

Mat okkar er að foreldrafélag skólans taki virkan þátt í starfsemi skólans.

Skólinn afli upplýsinga um viðhorf foreldra til skólans með könnunum.

Tengsl skólans við atvinnulífið séu lítil.

Nemendur í aðferðafræði séu virkjaðir í upplýsingaöflun um afdrif útskrifaðra nemenda.

Nokkuð öflugt erlent samstarf sé við skólann en upplýsingar um það séu ekki á einum stað á vefsíðu.

Tillögur

- Skólinn hafi allar upplýsingar um erlent samstarf á sértengli á vefsíðu skólans og geti verkefnisstjórans á síðu yfir verkefnisstjóra.
- Gangi þurfi frá skólasamningi MA við ráðuneytið.
- Skólinn birti skipurit yfir stjórnkerfi skólans.
- Námsráðgjafar verði skilgreindir talsmenn nemenda en ekki hluti af stjórnkerfi skólans.
- Upplýsingamiðlun af fundum ráða og nefnda verið bætt.



Skólanámskrá

Almennur hluti og námsbrautarlýsingar

Í 22. gr. laga um framhaldsskóla frá 2008 eru talin upp þau atriði sem gera skal grein fyrir í skólanámskrá, almennum hluta og námsbrautarlýsingum (5).

Í skólaskýrslu 2009 – 2010 segir: „Í Menntaskólanum á Akureyri er ekki til nein formleg skólanámskrá á prenti en hins vegar má segja að vefur skólans sé staðgengill námskrárinnar. Vefurinn hefur að geyma hafsþjó af ýmis konar upplýsingum um skólann, námið, starfsfólk, nemendur o.fl. Námskrá skólans er þannig síkvik, breytist umtalsvert á ári hverju“ (1).

Gott heildaryfirlit er yfir námsframboð og námsbrautir á vefsíðu, bæði eldri ferla og nýja frá og með hausti 2010, námsgreinar, áfangalýsingar og annað sem nemendur þurfa á að halda varðandi námið (47). Þá eru á vefsíðu einnig ítarlegar upplýsingar um skólann, reglur skólans, stefnu í ýmsum málum, þjónustu við nemendur og fleira (48). Undir flípanum *Kvosin* eru ýmsar tilkynningar og fréttir, kynningarbæklingur fyrir skólann og tengill á vefsvæði foreldrafélags MA (49).

Allt það sem á að koma fram í skólanámskrá, almennum hluta og námsbrautarlýsingum, virðist mega finna á vefsíðu skólans. Ritstjóri *ma.is* færir á vef MA upplýsingar og tilkynningar frá skólayfirvöldum, hefur eftirlit með efni vefsins og birtir fréttir og myndir úr skólalífinu. Hann vinnur jafnframt að kynningarstarfi skólans ásamt kynningarnefnd og er tengiliður við fjölmiðla (4).

Úttektaraðilum finnst umhugsunarvert að ekki sé hægt að sjá á vef skólans hvenær einstaka síður eru gerðar eða síðast uppfærðar. Skólanámskrár eru gögn sem lúta opinberum reglum og eftirliti og ætti því að gæta þess vel að ritstýra vefsíðum sem geyma skólanámskrár þannig að hægt sé að sjá aldur þeirra og uppfærslu, og tryggja réttar upplýsingar á hverjum tíma.

Í 22. gr. framhaldsskólalaga frá 2008, 4. mgr., segir: „Skólanámskrá skal staðfesta af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar, sbr. 5. gr. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár“ (5). Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara er ætlunin að ljúka endurskoðun almenna hluta skólanámskrár á komandi haustönn og ræða á skólafundi. Öll námskráin verður birt á netinu þegar hún er fullgerð. Starfsmenn og skólanefnd hafa fylgst með framkvæmd skólanámskrár (51).

Úttektaraðilar geta ekki staðfest að skólanámskrá á *ma.is* hafi verið formlega staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar.

Mat okkar er að gott yfirlit sé á vefsíðu skólans yfir námsframboð, bæði nýja og eldri ferla.

Á vefsíðu megi finna allt það efni sem eigi að vera í skólanámskrá, en huga þurfi betur að ritstjórn.

Ekki sé hægt að staðfesta að skólanámskrá hafi verið formlega staðfest af skólanefnd.

Ný námskrá

Síðustu tvö ár hefur skólinn fengið styrki til að innleiða nýja námskrá og undirbúa *Íslandsáfangana* og *Velgengnisdaga*, samkvæmt upplýsingum frá skólameistara (45). Ný námskrá tók gildi skólaárið 2010 – 2011, og mun nám og kennsla endurspeglar nýja *Skólasýn*. Helstu breytingar eru að allt nám mun fara fram á tveimur sviðum: *raungreinasviði* og *tungumála- og félagsgreinasviði*. Nýr samþættur áfangi, *Ísland*, er nú kenndur á fyrsta ári. Nær helmingur náms fyrstaárs nema er helgaður áfanganum og er honum ætlað að skerpa sýn og auka skilning nemenda á landi sínu, þjóð og tungu. Val nemenda, kjörsvið og valáfangar, hefur verið aukið og verður um 25% stúdentsprófsins. Áfram verður bekkjarkerfi við skólann og verður miðað við fjögurra ára nám til stúdentsprófs sem telur 240 framhaldsskólæiningar (fein) (52).

Innritað var samkvæmt nýrri skólanámskrá haustið 2010. Áfangalýsingar eru tilbúna fyrir fyrstu tvö árin og stefnt að því að ljúka áfangalýsingum fyrir síðustu tvö árin haustið 2011. Öllum viðmælendum er kunnugt um þetta jafnt kennurum sem nemendum. Nemendur sem innrituðust haustið 2010 fengu sérstaka kynningu á nýrri skólanámskrá.

Áhersla á grunnþætti ráðuneytisins birtist í skólasýninni og endurspeglast í nýrri skólanámskrá að mati skólameistara. Brautarstjóri segir: „*Já, svo skrifa kennarar alltaf smáskýrslu eftir skólaárið. Við viljum að þeir skýri núna sérstaklega hvernig þessir grunnþættir tengjast hans vinnu*“. Kennarar segja að frá upphafi hafi verið unnið með þessa grunnþætti í endurskoðun námskrárinnar.

Varðandi læsi segja flestir nemendur að það sé fjölbreytt þó mest sé áhersla á textalæsi. Nemendur í Íslandsáfangana í fyrsta bekk taka fram að hann sé um helmingur af námi nýnemanna og þar ríki fjölbreytni og áhersla sé lögð á skapandi skrif og læsi. Nemendur fá verkefni og ráði hvernig þeir vinni úr þeim. Eldri nemendur nefna félagsfræðibrautina, áfangana

sem fjallar um þróunarlandafræði, ferðamálafræði og þá tala þeir um *Velgengnisdaga* og nú síðast hafi mataræði verið á dagskrá, hollt mataræði, ýmis verkefni, göngutúrar og að nemendur hafi fengið heimsóknir frá fólki sem sagði þeim sínar sögur. Nemendur virtust tengja grunnþættina við verkefnið sem þeir fengust við, áreynslulítið.

Nánar er fjallað um Íslandsáfangann í kaflanum *Kennsla, námskröfur og námsmat* hér fyrir aftan.

Vel virðist hafa verið staðið að kynningu á nýrri námskrá og Íslandsáfanganum af hendi skólans. Á vefsíðu undir *Námskrá* er sérstakur flipi helgaður nýrri námskrá. Þar er fjallað sérstaklega um Íslandsáfangann, Velgengnisdaga, framhaldsskólaeininguna og breytt kennslufyrirkomulag. Þá er þar kynning námsráðgjafa fyrir nýnema í MA haustið 2010 og sérstakur kynningarvefur um skólann. Hægt er að senda inn fyrirspurnir með vefpósti, og þá eru gagnlegar upplýsingar í „Spurt og svarað um nýja námskrá í MA“ (52). Í fyrravor var ný námskrá skólans kynnt í grunnskólum, nemendur komu í opið hús og skólastjórnendur komu í heimsókn. 24. mars síðastliðinn var nemendum í 10. bekk, foreldrum og öðrum áhugasömum boðið í opið hús í skólanum þar sem ný námskrá, námsbrautir, Íslandsáfanginn og aðrar nýjungar voru kynntar.

Mat okkar er að ný námskrá virðist samrýmast skólasýn MA og nýjum áherslum ráðuneytisins í menntun.

Kennurum og nemendum virðist öllum kunnugt um stöðu námskrárvinnunar.

Vel hafi tekist til með kynningu á nýrri námskrá skólans.

Inntökuskilyrði

Varðandi inntökuskilyrði í skólann þá telja viðmælendur að farið sé eftir því sem ráðuneytið segir í þeim efnum og skólameistari segir að hverfin séu ekki vandamál í skólanum eins og í Reykjavík. Nokkrir kennarar taka fram að í dag sé nemendahópurinn breiðari en hann var fyrir tíu árum enda borgi sig ekki að vera með skóla fyrir 500 nemendur heldur þurfi skólinn að rúma um 700 nemendur svo hagkvæmt sé. Þetta þýði að bekkirnir verði stærri sem aftur komi hugsanlega niður á gæðum starfsins, þannig að ekki sé hægt að sinna hverjum og einum sem skyldi.

Innritun nemenda og inntökuskilyrðum er lýst á vefsíðu skólans. Vorið 2011 gilda þessar reglur: „Meðaltal skólaeinkunna í íslensku, stærðfræði, dönsku og ensku skal ekki vera lægra

en 6, einkunnir mega þó ekki vera lægri en 5. Sæki nemandi um á raungreinasviði skal einkunn í stærðfræði ekki vera lægri en 6“. Tekið er fram að „skólameistari getur heimilað nemendum, sem ekki uppfylla framangreind inntökuskilyrði, að hefja nám ef hann telur líkur á því að þeir standist þær kröfur sem gerðar eru um námsárangur“ (53).

Væntanlegir nemendur og forráðamenn þeirra virðast hafa greiðan aðgang að upplýsingum um skólann og inntökuskilyrði, samanber það sem sagði í kaflanum hér að framan.

Tafla III: Nýskráðir nemendur í MA árin 2006 – 2010 og meðaleinkunn úr 10. bekk (26).

Ár	Fjöldi nýskráðra nemenda	Fjöldi nýskráðra úr 9. bekk	Fjöldi nýskráðra úr 10. bekk	Meðaleinkunn úr 10. bekk
2006	253	16	231	7,01
2007	252	17	226	7,59
2008	224	18	203	7,06
2009	232	19	205	7,31
2010	234	14	212	8,1

Aðsókn að skólanum virðist nokkuð stöðug síðustu fimm árin og sömuleiðis einkunnir nýinnritaðra. Um tuttugu færri nemendur eru innritaðir síðustu tvö ár miðað við árin 2006 og 2007, en meðaleinkunn er markvert hærri í fyrra en á undangengnum árum. Ekki er ljóst hvort hér er um að ræða auknar kröfur skólans eða bættan árangur 10. bekkinga.

Mat okkar er að farið sé að ákvæðum ráðuneytisins um inntöku nýnema.

Nemendur og forráðamenn þeirra hafi greiðan aðgang að upplýsingum um skólann og inntökuskilyrði.

Skipulag skólastarfsins

Eins og fram hefur komið er skólinn skipulagður sem fjögurra ára bekkjarskóli með áfangakerfi til stúdentsprófs. Hægt er að útskrifast af sex brautum, eins og kemur fram í **töflu III** hér að neðan. Á vefsíðu skólans undir flípanum *Námskrá* má sjá hvernig nám á hverri braut er skipulagt frá fyrsta til fjórða árs (47). Breytingum á tilhögun námsins hefur verið lýst hér að framan. Aðeins er kennt í dagskóla.

Almanak skólaársins 2010 – 2011 er á vefsíðu. Þar kemur skipulag skólaársins fram. Miðannarmat þetta skólaárið fór til dæmis fram í fyrstu viku nóvember 2010. Kennsludagar á árinu voru 145 og prófdagar 30 eða 175 vinnudagar nemenda alls. Reglum um nám og próf og einkunnir eru gerð góð skil á vefsíðu skólans.

Skólinn er settur um miðjan september og lýkur með brautskráningu og skólahátíð 17. júní. Að sögn skólameistara hefur skólinn um árabíl stefnt að því að breyta skólaárinu til samræmis við aðra framhaldsskóla á landinu en skortir fjárveitingu til þessa verkefnis.

Tafla IV: Brautskráðir stúdentar frá MA 2006 – 2010 (26).

Brautskráðir stúdentar frá MA										
Ár	Málabraut	Náttúrufræðibraut	Náttúrufræðibraut – eðlisfræðilína	Félagsfræðibraut	Listnámsbrau, tónlist	Náttúrufræðibr. og listnámsbr. tónlist	Alls	kk	kvk	Meðaleinkunn
2006	12	41	12	66	2		133	47	86	7,28
2007	15	40	9	71			135	43	92	7,40
2008	27	60	13	59			159	65	94	7,44
2009	24	31	16	71		1	143	64	79	7,45
2010	21	66	26	69	1		183	65	118	7,43

Brautskráningum virðist hafa fjölgað lítillega frá árinu 2006, en voríð 2010 útskrifuðust 183 stúdentar frá skólanum sem er 40 fleiri en árið á undan. Athygli vekur að konur eru nær helmingi fleiri en karlar við síðustu útskrift, eða 65% á móti 35% karla, og því sem næst jafnmargir útskrifast af mála- og félagsfræðibraut og af náttúrufræðibrautum. Meðaltal útskrifarteinkunna virðist nokkuð stöðugt og viðunandi síðustu fimm árin.

Vorið 2010 lauk formlegu tilraunaverkefni um almenna braut í skólanum. Byrjað var að kenna á hraðlínu fyrir nemendur sem koma beint úr 9. bekk haustið 2005, og haustið 2006 hófst kennsla á stoðlínu, sem er námsúrræði fyrir nemendur sem vantar herslumuninn til að uppfylla inntökuskilyrði í skólann. Í skólaskýrslu 2009 – 2010 kemur fram að nemendum á hraðlínu hefur vegnað vel í skólanum, og er ætlunin að halda áfram með hraðlínu við skólann. Nemendum á stoðlínu hefur ekki vegnað eins vel og ætlar skólinn að endurskoða þetta úrræði (1).

Nemendur sem eru langt komnir í tónlistarnámi geta skráð sig á listnámsbraut. Sækja þarf sérstaklega um tónlistarnámið í Tónlistarskólanum á Akureyri en bóklegu greinarnar taka nemendur í Menntaskólanum. Við lok listnámsbrautar eiga nemendur að hafa lokið framhaldsskólaprófi, samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla (55).

Í skýrslum námsgreinastjóra frá 2009 kemur fram að í skólanum séu sautján deildir (57). Fyrir utan hefðbundnar deildir má nefna: ferðamálafræði, félags- og fjölmiðlafræði, sögu heimspeki og listir og upplýsingatækni. Ferðamálafræði er til dæmis áfangar innan málabrautar (47).

Nú, í lok vorannar 2011, standa nemendur frammi fyrir því að skrá sig á valgreinar fyrir næsta skólaár. Nemendur í MA sem nú eru í 2. 3. og 4. bekk þurfa að ljúka samtals 12 einingum í frjálsum vali. Nemendur í 1. bekk þurfa hins vegar að ljúka 15 framhaldsskólaeiningum í vali samkvæmt nýrri námskrá. Mikið úrval valgreina virðist standa nemendum til boða, allt frá fatagerð yfir í þjóðhagfræði. Valgreinar virðast vel kynntar á vefsíðu skólans (58).

Velgengnis dagar eru þriggja daga uppbot á hvorri önn þar sem áhersla er lögð á lýðræðisleg samskipti og starfshætti auk virkrar þátttöku nemenda. Fyrstu Velgengnisdagarnir fór fram í nóvemberbyrjun 2010 og þóttu takast vel. Sjá má yfirlit yfir markmið Velgengnisdaga á vefsíðu. Markmiðið er að byggja upp ákveðna þekkingu, leikni og hæfni í til dæmis tjáningu og samskiptum (54).

Skólinn virðist hafa unnið töluvert í að fylgjast með mætingum nemenda og að reyna að bæta skólasókn. Í skólaskýrslu 2009 – 2010 kemur fram að skólasókn er verri á vorönn en haustönn og töluvert herra hlutfall lögráða nemenda er með mætingu undir 85% en þeirra sem eru ólögráða. Á vorönn 2010 voru tæplega 17% nemenda undir 85% skólasókn (1).

Þá virðist einnig hafa verið gert átak í að minnka brotthvarf nemenda úr skólanum. Árið 2009 var að undirlagi sjálfsmatsnefndar gerð ítarleg rannsóka á brotthvarfi nemenda úr skólanum,

sérstaklega í fyrsta og öðrum bekk. Notast var við orðið brotthvarf, og þá átt við þá nemendur sem falla út úr skólanu eða hætta af öðrum ástæðum. Helstu niðurstöður voru þær að í 1. bekk eru piltar mun líklegri en stúlkur til að hverfa frá námi, en í 2. bekk er brotthvarfshlutfallið svipað. Í 1. bekk eru íbúar á heimavist töluvert líklegri til brotthvarfs. Mest afföll eru af stoðlínu almennrar brautar. Nemendur sem innritast á náttúrufræðibraut virðast hverfa einna síst frá skólanum, en af hefðbundnum bóknámsbrautum eru mest afföll af málabraut. Þá spáir meðaltal skólaeinkunna einna best fyrir um gengi nemandans í 1. bekk. Brotthvarf er því meira sem skólaeinkunn er lægri (17).

Tafla V: Brotthvarf úr MA 2007 – 2010 (28).

Skólaár	Fjöldi að hausti	Brotthvarf, fjöldi	Brotthvarf, %
2009 – 2010	775	66	8,5
2008 – 2009	748	99	13,2
2007 – 2008	783	52	6,6
2006 – 2007	749	76	10,1

Brotthvarf er hér skilgreint sem: hætta í skóla, falla og hætta, falla en koma aftur, skiptinemar sem koma aftur.

Eins og sjá má er brotthvarf um tíu prósent að meðaltali þessi ár, en dálítið sveiflukennt.

Fróðlegt verður að fylgjast með skólasókn og brotthvarfi úr skólanum þegar ný námská hefur fest sig í sessi og allir árgangar farið í gegnum nýtt námsskipulag.

Margra ára hefð er fyrir því í skólanum að kennarar skrifi stutta skýrslu um áfanga sína í lok skólaárs, sem síðan eru teknar saman í sameiginlega skýrslu deildarinnar. Áfangasamantektirnar eru á stöðluðu formi og tiltaka meðal annars: kennara, námsefni, meðaleinkunn/fallhlutfall, námsárangur (m.v. fyrri ár), nýbreytni eða þróun í áfanganum og framtíðarsýn (57). Að mati úttektaraðila eru þetta afar mikilvægar upplýsingar fyrir skólann, en ekki virðist hafa verið unnið kerfiðsbundið mat úr öllu þessu efni og sett fram á tölvutæku formi. Ekki verður annað séð en hér liggi mikill efniviður fyrir sjálfsmatsnefnd skólans til að vinna úr, samanber það sem segir í kaflanum um *innra mat* hér á eftir.

Mat okkar er að skólastarf í MA sé vel skipulagt og kynnt á vefsíðu skólans.

 Hitt og Þetta ehf.

Námsframboð við skólann sé fjölbreytt.

Skólinn virðist hafa unnið markviss í að bæta skólasókn og minnka brotthvarf úr skólanum.

Tækifæri sé til að vinna betur úr upplýsingum sem teknar eru saman í skýrslum.

Tillögur

- Skólanámskrá verði staðfest af skólanefnd.
- Upplýsingar sem koma fram í áfangasamantektum verði betur nýttar.

Kennsla, námskröfur og námsmat

Kennsla

Skólinn er bekkjarkerfisskóli sem innritaði nemendur haustið 2010 samkvæmt nýrri námskrá í svokallaðan Íslandsáfanga. Kennt er eftir fleiri en einni námskrá eins og er. Íslandsáfangi er sniðinn eftir nýrri aðalnámskrá og framhaldsskólalögum frá 2008. Nemendur fá framhaldsskólalæiningar, fein, samkvæmt því í þessum áfanga. Dæmi um þetta er að áfangi sem ber heitið Ísland jafngildir 13 fein, stæðfræði 5 fein, 3. mál 5 fein, enska 4 fein, íþróttir 2 fein og Velgengnisdagar jafngilda 1 fein á hvorri önn fyrir sig (34).

Íslandsáfanginn sjálfur skiptist í tvennt; annars vegar fléttast saman nám í íslensku, félagsfræði og sögu og hins vegar nám í íslensku, líffræði, jarðfræði og landafræði. Upplýsingatækni er samofin allri verkefnavinnu og sérstaklega er hugað að læsi og beitingu móturmálsins í ræðu og riti. Í verkefnavinnunni er megináhersla á samvinnu, frumkvæði og ábyrgð. Nemendum er ætlað að vinna verkefni undir leiðsögn kennara og sækja námsgögn á fjölbreytta vegu, innan skóla og utan. Þó áfanginn sé tvíþættur þá er alltaf lögð áhersla á fjölþætta málhæfni og upplýsingalæsi. Sex stór samvinnuverkefni eru hluti námsins þar sem kynning og umræða um hugtök og aðferðir mynda einskonar ramma (26).

Áfangalýsingar eru fyrirliggjandi fyrir áfanga í Íslandsáfanganum þar sem fjöldi fein er tilgreindur, lýsing á efni áfangans og sundurgreindum lokamarkmiðum eftir þekkingu, leikni og hæfni eða hagnýtingu þess fyrirnefnda. Námsmat er í mótun og því ekki tilgreint í áfangalýsingu. Dæmi um áfangalýsingu er ENS2A040-XXXX. Aðrar áfangalýsingar eru tilsvareandi (26).

Áfanginn er í þróun og er kenndur í fyrsta skipti 2010 – 2011. Sérstakur matsmaður fylgist með hvernig vinnan gengur. Hann er ekki kennari í Íslandsáfanganum. Viðmælendur voru sammála um að haustið hefði verið nokkuð strembið en eftir áramót hefði vinnan gengið miklu betur.

Aðrar áfangalýsingar eru hefðbundnar með áfangalýsingum, lýsingum á kennsluháttum, námsefni er tilgreint, sérstök verkefni á önninni og námsmat er skilgreint í hlutföllum.

Samræmi virðist vera í greinum milli námsmarkmiða og námsmats. Í áfangakönnunum meðal nemenda kemur fram að svo sé. Skólameistari tekur fram að minna sé um kvartanir undan ósanngjörnum prófum en áður. Fram kemur að enn séu kennarar að átta sig á samræmi milli



námsmarkmiða og námsmats í Íslandsáfanganum, þetta virðist óljóst hjá sumum nemendum og jafnvel kennurum enn sem komið er.

Stjórnendur og kennarar segja að fjölbreytni einkenni kennsluáðferðir, mikil gerjun sé í gangi og flestir kennarar séu tilbúnir að prófa aðar áðferðir en þær sem ríkt hafi enda sé það krafa nemenda og nýju lögin hafi gefið byrinn. Dæmi er tekið af Íslandsáfanganum en þar kenna 15 kennarar, ungir kennarar og kennarar sem hafa kennt í 40 ár og gengur samvinnan vel: „*Fyrst og fremst fjölbreytni...og síðari ár tilraunir til að virkja nemendur. Meiri áhersla á nemendur en stofnunina*“. „*Akkúrat núna finnst mér nýsköpun...breytingar...skólinn hefur annars vegar þessa hefðbundnu gamaldags töflukennslu...svo eru kennarar með mikla nýjungar...Var sterkur og góður grunnur sem fékk meðbyr*“.

Nemendur telja að fjölbreytni sé ríkjandi í kennsluháttum en enn séu til kennarar sem kenni með gömlum áðferðum og vilji engu breyta meðan aðrir leggi áherslu á sköpun og þátttöku nemenda. Nemandi segir þegar hann er spurður um kennsluna: „*Finnst hún mjög góð...framsækin...einkennandi fyrir skólann. Skoða nýjar leiðir...t.d. Íslandsáfanginn. Það metið sem vel tekst og sem illa tekst er lagað...maður verður var við það*“. Annar nemandi nefnir að í Íslandsáfanganum fái nemendur tækifæri til að vera skapandi, skrifa texta og flytja mál sitt. Nemendur vilja fæstir breyta nokkru og finnst skólinn á réttri braut en taka fram að sumir kennarar séu fastir í sama fari og mættu taka upp fjölbreyttari kennsluáðferðir.

Nemendur eru sammála um hlutverk kennarans og telja að hann eigi fyrst og fremst að fræða þá en einnig að hann sýni að hann hafi áhuga á því og laði fram forvitni nemenda og vilja til að gera betur. Nemandi segir: „*Umsjónarkennari á að horfa á nemendur gaumgæfilega og skoða hvort allt er í góðu lagi með bekkinn og fylgjast með líðan*“. Nemendum finnst þeirra hlutverk fólgið í því að taka við fróðleik og fylgjast með í tímum án þess að trufla aðra og hafa einkunnarorð skólans í huga í samskiptum.

Kennsluáætlanir eru aðgengilegar á Moodle á netinu og birtast í upphafi annar að mati allra viðmælenda.

Mat okkar er að Íslandsáfanginn sé í þróun en mikils metinn hjá nemendum og kennurum.

Skólinn njóti þess í námskrágerðinni að ákveðin forvinna var þegar hafin að breytingum á skólastarfinu áður en lögin tóku gildi 2008.

Vinnan við nýja námskrá muni skila fjölbreyttari kennsluáðferðum.

Nemendur geri sér grein fyrir fjölbættu hlutverki kennarans.

Námskröfur og námsmat

Samræmi er milli markmiða í greinum og námsmats að mati nær allra kennara. Skólameistari segir: „*Já, og kvartanir undan prófum hafa stórminnkað. Að prófin séu ósanngjörn. Endurskoðun okkar á öllu kerfinu virðist hafa áhrif á allt annað starf*“. Matsfulltrúi Íslandsáfanga segir: „*Erfitt að segja til um það...t.d. ekki allir klárir á markmiðunum í Íslandsáfanganum*“. Hann segir að ekki sé mikil prófaáhersla í Íslandsáfanganum. Námsmat er þar enn í þróun.

Námsmatið er nokkuð fjölbreytt að mati flestra nemenda en þó misjafnt eftir áföngum og einn nefnir að hann sé í áfanga með 80-90% lokaprófi meðan aðrir áfangar séu með 30-40% lokapróf. Annar segir: „*Mikið símat yfir önnina. Flest lokapróf eru 50% símat*“. Öðrum nemanda finnst áfangapróf skipta litlu miðað við lokapróf en samt þurfi að læra mikið fyrir þau. Nemandi á fyrsta ári segir: „*Fæ metið það sem ég hef verið að vinna í allan vetur...en ekki það sem ég geri á tveimur vikum fyrir próf*“. Nokkrum nemendum finnst að það mætti vera meira samræmi í námsmatsáherslum. Nemendur telja að námsárangur byggist fyrst og fremst á metnaði, ástundun og skipulagi og taka margir fram að virkni yfir veturinn skipti miklu máli, að taka vel eftir í tímum og vinna jafnt og þétt allan veturinn skili árangri á lokaprófi. Nemendur taka fram að áhugi kennarans á efninu og að koma því til skila skipti máli varðandi námsárangur.

Varðandi námsárangur kemur fram í athugun á brotthvarfi úr 1. og 2. bekk sem gerð var árið 2009 af Valdísi Björk Þorsteinsdóttur, í niðurstöðum, að meðaltal skólaeinkunna spáði einna best fyrir um námsgengi nemandans í 1. bekk, betur en einkunnir á samræmdum prófum úr grunnskóla. Athugunin byggði á gögnum fjögurra ára. Mest afföll voru af stoðlínu almennrar brautar (17).

Mat okkar er að samræmi sé á milli markmiða í greinum og námsmats, en Íslandsáfanginn sé í þróun.

Námsmat sé fjölbreytt og dregið hafi úr prófaáherslum.

Breyttar áherslur í námsmati skili jafnari vinnu nemenda og betri námsvenjum.

 Hitt og Þetta ehf.

Tillögur

- Vel verði fylgst með öllum þáttum Íslandsáfangans með tilliti til úrbóta.
- Tekið verði tillit til óska nemenda um samræmdara námsmat.

Félagslegt umhverfi

Skólabragur

Í skólasýn eða stefnu skólans birtist 2. gr. laga um framhaldsskóla frá 2008 mjög skýrt. Áhersla er lögð á það sem tekið er fram í lögunum. Auk þess felur skólasýnin í sér hina fimm þætti ráðuneytisins um læsi, lýðræði, jafnrétti, skapandi starf og menntun til sjálfbærni. Áhersla er lögð á vellíðan og heilbrigði nemenda og skólinn leggur áherslu á að styrkja trú þeirra á eigin getu (29). Í starfsmannastefnu skólans kemur fram í markmiðum sama viðhorfið, að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmann (20). Einkunnarorð skólans virðing, víðsýni og árangur eru leiðarljós Velgengnisdaga skólans sem er þriggja daga uppbrot á hefðbundinni kennslu með margs konar verkefnum sem fela m.a. í sér að efla samvinnu, forvarnir, ábyrgt fjármálalæsi, borgaralega samkennd, jafnrétti og mannréttindi. Skólinn virðist nota einkunnarorðin í raun og beintengja þau við verkefni nemenda til aukins þroska í lýðræðissamfélagi (21).

Nemendur áttu mjög gott með að tjá sig í viðtölum, höfðu skoðanir á flestu sem þeir voru spurðir um og settu fram gagnrýni, áreynslulaust. Fram kom að þeir voru vanir að tjá sig um málefni og skoða þau frá ýmsum hliðum.

Allir viðmælendur sögðu gott andrúmsloft í skólanum sem einkenndist af virðingu, jákvæðni og háttsemi. Þó faglega greindi menn á þá væru persónuleg samskipti góð og samheldni í kennararhópnum innan og utan skóla eins og gott félagslíf vitnaði um. Virðing væri borin fyrir ólíkum skoðunum. Könnun var gerð á s.l. önn um líðan starfsmanna og niðurstaðan var að hún væri góð sérstaklega innan eigin hóps. Sumir hafa starfað mjög lengi við skólann og taka fram að stjórnunarhættir hafi breyst með nýjum skólameistara: „*Núna er meiri valddreifing...umburðarlyndi, sanngjarnt. Enginn slaki þó*“. Fáeinir taka fram að breytingar sem verið er að gera í tengslum við ný lög taki á eins og alltaf sé við slíkar aðstæður. Kennari segir: „*Enn lítill hávær hópur á móti breytingum...minna en þriðjungur. Brenglar skynjun manns á andrúmsloftinu, en er bara lítill hávær hópur...sé núna þegar ég lít yfir sviðið*“.

Nemendur segja að mjög gott andrúmsloft ríki í skólanum og samskipti kennara og nemenda einkennist af virðingu og háttsemi. Ekki séu allir kennarar jafnvinsælir en nemendur þora að kvarta og finnst á þá hlustað. Yngri nemendur leiti til eldri nemenda: „*Allir busabekkir eru með sinn böðlabekk sem þeir geta leitað til...en það er fjórði bekkur*“. Kennarar og nemendur eru sammála um að gott andrúmsloft ríki í skólanum og jafnrétti og lýðræði sé í raun áberandi



í samskiptum. Bekkjarráð hafi verið stofnað í fyrsta bekk til að efla lýðræðið. Jafnréttisstefna sé ekki enn til í skólanum en unnið sé markvisst að mótun hennar og innleiðingu frekara nemendalýðræðis.

Nemendur telja sig eiga þátt í ákvarðanatökum í skólanum, upp að vissu marki: „*Það eru haldnir fundir í Kvosinni ef verið er að breyta reglum, þá fáum við að mótmæla eða samþykkja*“. Þeim eru kunnug einkunnarorð skólans og segja að kennarar minni þá á þau og fari eftir þeim sjálfir: „*Stefnan er virk og notuð*“. Nemendur telja jafnrétti og lýðræði einkenna samskipti stjórnenda, kennara, nemenda og starfsfólks.

Varðandi ágreiningsmál sem upp koma innan skólans telja flestir að ákveðinn farvegur sé fyrir þau og áhersla sé á að reyna að leysa sem flest mál innan skólans en er þó ekki kunnugt um að það hafi verið gefið út á pappír. Skólameistari er oft nefndur í því sambandi og hann segir: „*Það er farvegur en breytilegt eftir málum*“. Hann segist ekki taka viðtöl eftir áfangamat það geri aðstoðarskólameistari til að tryggja að til sé eitt áfrýjunarstig sem er hjá honum en tekur fram að endastöðin sé hjá ráðuneytinu ef svo ber undir.

Mat okkar er að skólasýnin sé virk og taki mið af 2. gr. laga um framhaldsskóla frá 2008 auk fimm grunnþátta ráðuneytisins.

Stjórnunarhættir hafi breyst til ávinnings fyrir skólann.

Starfsmannastefna skólans og velgengnisdagar endurspegli skólasýnina.

Áherslur skólans á gagnrýna hugsun, víðsýni og virðingu komi fram í viðtölum við nemendur.

Ágreiningsmál hafi áveðinn farveg sem öllum sé kunnur án þess að hann sé skráður.

Námsráðgjöf og stuðningur við nemendur

Á vefsíðu skólans er námsráðgjöfin skilgreind, þeir sem þar starfa með nöfnum og netföngum og markmið þjónustunnar fram sett, auk tengla á helstu þjónustuþætti. Síðan er aðgengileg og einföld þannig að nemendur ættu að geta nýtt sér hana í flestum tilfellum. Markmiðin eru skýr og auðskilin. Þar er yfirmarkmið að þjónustan standi öllum nemendum skólans til boða og að náms- og starfsráðgjafi sé málsvari og trúnaðarmaður nemenda. Önnur markmið eru undirmarkmið og ágætlega skilgreind með heilum setningum (27).

Fylgst er með líðan nemenda á markvissan hátt þó ekki sé það skráð vinnulag, að mati viðmælenda. Tveir umsjónarkennarar eru í hverjum fyrsta bekk, nemendaverndarráð er við



skólann eins og í grunnskólum þar sem málefni nemenda sem eiga í sérstökum vanda eru rædd með leyfi foreldra þeirra nemenda sem yngri eru en 18 ára. Löng hefð er fyrir nemendaverndarráði við skólann. Umsjónarkennarar, námsráðgjafar, forvarnarfulltrúi og stjórnendur eru oftast nefndir þegar spurt er hvert nemendur leiti með persónuleg vandamál sín. Nemendur telja fyrst upp námsráðgjafa þegar þeir eru spurðir hvert þeir myndu leita með persónuleg mál en nefna þarnaest umsjónarkennara og stjórnendur. Reglulegt samstarf er milli námsráðgjafa og umsjónarkennara um málefni nemenda. Kennari segir: „*Gerum almennar líðankannanir á 4 – 5 ára fresti, en einu sinni á önn áfangakannanir, í nokkrum áföngum, þar sem líka er spurt um líðan*“.

Mat okkar er að námsráðgjöf falli að lögum og sé skýr á vefsíðu skólans.

Fylgst sé með líðan nemenda á markvissan hátt.

Einelti í skólanum

Eineltisáætlun er á vefsíðu skólans vel útfærð og með skilgreiningu á einelti, birtingarmyndum þess, einkennum og afleiðingum eineltis. Fram koma vinnureglur í eineltismálum og þar er viðbragðsáætlun fyrir starfsfólk ef upp kemst um einelti meðal þess og tekið fram að ef málið leysist ekki innan skólans verði kallaður til utanaðkomandi sérfræðingur. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti í skólasamfélaginu og umsjónarkennarar hvattir til að taka umræðuna um jákvæð samskipti reglulega upp innan bekkjanna (22).

Stjórnendur og kennarar segja að eineltisáætlun sé til, hún hangi inni á kennarastofu og einnig sé hana að finna á vef skólans. Hún fjalli mest um nemendur en einnig sé í henni klausa um starfsfólk og til standi að skerpa á þeirri klausu á næsta ári. Nemendur eru ekki kunnugir eineltisáætlun skólans. Í tengslum við einelti þá er þeim ljóst að það er ekki liðið og þeir telja að námsráðgjafar komi að slíkum málum.

Mat okkar er að áhersla sé á góð samskipti, jafnrétti og jákvætt andrúmsloft í skólanum.

Reglubundna umræðu um eineltisáætlunina þurfi að taka upp eins og ákvæði í henni segja til um, þannig að nemendum sé hún öllum kunnug.

Nemendafélag

Skólafélag MA, Huginn, sér um og ber ábyrgð á félagslífi nemenda í skólanum. Foreldrafélag skólans FORMA hefur samstarf við skólafélagið um ýmis mál og leggur áherslu á samstarf við félagið. Skólafélagið hefur staðið fyrir ýmsum uppákomum m.a. fundi um Icesave.



Skólafélagið og skólayfirvöld boðuðu nemendur til kynningafundar vegna nýrrar námskrár. Fjölbreytt starfssemi virðist vera á vegum skólafélagsins og áhersla á gott samstarf við skólayfirvöld og foreldrafélagið.

Skólameistari segir að nemendur stjórnri félagslífinu sjálfir og beri ábyrgð á því. Þeir hafi staðið undir þeirri ábyrgð og skemmtanir skólans séu áfengislausar. Félagsmálafulltrúi sé tengiliður milli nemenda og stjórnenda. Nemendur taka undir þetta og segja að skólinn sé áfengislaus og eru stoltir af því. Nemendum finnst léttir að því að áfengi sé ekki haft um hönd á böllum og segja: „*Asnalegt að mæta drukkinn á ball*“. Kennarar mæta á böllin og mökum þeirra er boðið með á árshátíðina.

Mat okkar er að nemendafélagið sé stutt af skólayfirvöldum sem treysti því fyrir ábyrgðinni af rekstri þess.

Forvarnarstarf

Á skólavefnsíðunni er tengill sem nefnist: *Reglur um bindindi*. Þar er tekið fram að nemendur skólans megi ekki vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuvaldandi efna í skólanum eða á lóð hans né heldur á skemmtunum, samkomum eða ferðalögum sem farin eru á vegum skólans eða í nafni hans. Ef áminning skólameistara er ekki virt þá er nemandi vikið úr skóla. Einnig er á sömu síðu tekið fram að MA sé tóbakslaus skóli (33).

FORMA foreldrafélag skólans tengist forvörnum skólans og hefur samstarf við skólafélagið og skólayfirvöld.

Forvarnarfulltrúi er við skólann, Hólmfríður íþróttakennari, og öllum nemendum er kunnugt um hana og segjast fá póst frá henni reglulega. Forvarnarstefna sé á netinu. Nú sé verið að berjast gegn notkun munntókbaks. Fyrirlestrar séu haldnir og eina leiksýningu hafi nemendur sótt í Hofi: „Hvað ef...?“ sem fjallaði um skaðsemi áfengis og vímuefna.

Nemendur sögðust allir vera stoltir af stefnu skólans og fannst ekki koma til greina að mæta undir áhrifum áfengis á böll.

Mat okkar er að forvarnarstefna skólans virki vel og að forvarnarfulltrúinn nái eyrum nemenda.

Tengsl foreldrafélagsins við skólafélagið skipti máli varðandi forvarnir í skólanum.

 Hitt og Petta ehf.

Tillögur

- Skólinn taki upp reglubundnar umræður um eineltisáætlunina þannig að öllum nemendum sé hún kunn.

Stoðþjónusta

Ráðgjöf og stuðningur

Nemendavernd er í MA og sérstakt nemendaverndarráð. Á vefsíðu undir nemendavernd eru fjórir tenglar á: forvarnir, heilsugæslu, námsráðgjöf og félagsmálafulltrúa. Á síðunni segir: „Ráðgjöf og verndun heilsu og hagsmuna nemenda er ríkur þáttur í skólastarfi nútímans. Í Menntaskólanum á Akureyri er haldið uppi nemendavernd sem felst í fjölbreytilegri þjónustu“. Undir námsráðgjöf má finna nokkra tengla á ýmsa þætti þjónustunnar. Viðtalstímar námsráðgjafa og hjúkrunarfræðings eru tíundaðir á síðunni þannig að nemendur hafa greiðan aðgang að þessum upplýsingum. Stoðjónusta fellur undir námsráðgjöfina og henni sinna tveir námsráðgjafar. Þeir sem þurfa lengri próftíma af ýmsum ástæðum geta aflað sér upplýsinga um það á vefsíðu námsráðgjafar Umsóknareyðublað er á síðunni, auðskilið og einfalt (19).

Fram kemur í viðtölum að námsráðgjafar sjái um stoðþjónustuna sem er góð að mati kennara og þeir eru vel kunnugir þeim úrræðum sem í boði eru. Annar tveggja námsráðgjafa sér um að þjónusta nemendur með námserfiðleika og kennarar láta vel af samstarfinu. Í boði er sérstofa, lengri próftími, lituð blöð, prófkvíðanámskeið og stoðtímar hjá eldri nemendum. Nemendum er öllum kunnugt um hvaða þjónusta er í boði fyrir nemendur sem þurfa sérþjónustu og einn hefur skoðun á henni og finnst að nemendur með námserfiðleika eigi að eiga rétt á að velja sér námsráðgjafa eins og aðrir nemendur en sé ekki skikkaður til að fara til annars af tveimur: „*Mér finnst verið að brjóta á rétti þeirra*“. Kennarar taka fram að ekki séu margir nemendur í skólanum með sérþarfir og nemandi segir að einn sé í hjólastól og þurfi ekki að fara á milli stofa og að blindur nemandi þurfi ekki að nota stiga í skólanum.

Mat okkar er að skólinn uppfylli ákvæði í lögum um stoðþjónustu við nemendur.

Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku

Ekki er til fastmótuð móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku en hvert mál er tekið fyrir og nemendur fá stuðning í íslensku hjá íslenskukennurum ef með þarf að mati stjórnenda og kennara. Skólinn er með ÍSA áfanga fyrir þessa nemendur sem íslenskukennarar sjá um. Kennarar nefna að ekki sé nýbúabraut til staðar eða móttökuáætlun í skólanum fyrir þennan hóp en það sé komið að því að huga að þeim, sérstaklega. Kennari segir: „*Sérstakir stoðtímar í íslensku...kerfið er óljóst samt...ekki ákveðinn farvegur*“.

Hitt og Þetta ehf.

Nemandi segir: „*Flutti út þegar ég var átta ára og kom beint hingað. Var vel tekið og boðin alls konar aðstoð ef ég vildi*“. Nemendum er almennt ekki kunnugt um þjónustu við þessa nemendur nema þeir hafi sjálfir þurft á henni að halda.

Mat okkar er að skólinn þurfi að semja móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Tillögur

- Skólinn semji móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Mat á skólastarfi

Innra mat og umbótastarf

Í MA hefur verið starfandi sjálfsmatsnefnd frá haustönn 1997 í kjölfar nýrra laga um framhaldsskóla 1996. Í sjálfsmatsskýrslu 2007 – 2008 er greint frá því að haldið var uppá tíu ára afmæli sjálfsmats í skólanum á vordögum 2007 (10).

Á vefsíðu skólans kemur fram að sjálfsmatsnefnd MA árið 2010 – 2011 skipa aðstoðarskólameistari og þrír fulltrúar kennara. Þar má einnig sjá starfsáætlun nefndarinnar 2010 – 2013 og sjálfsmatsskýrslur síðustu átta ára, eða allt aftur til skólaársins 2001 – 2003 (3). Sjálfsmatsnefnd fundar reglulega einu sinni í viku yfir skólaárið.

Verkætlun matsfulltrúa námskrárbreytinga skólaárið 2010 – 2011 er þarna einnig, en sérstakur matsfulltrúi sér um að fylgjast með námskrárbreytingum. „Matsfulltrúi fylgist með framgöngu í Íslandsáfanganum og heldur skrá og skýrslu þar sem mat er lagt á það hvernig til tekst. Hann hefur samstarf jafnt við sjálfsmatsnefnd skólans og utanaðkomandi umsagnaraðila“ (4). Matsfulltrúi er einn af verkefnisstjónum skólans til tveggja ára og virðist ekki hluti af sjálfsmatsnefndinni.

Á vefsíðu kemur ekki fram hver ber ábyrgð á eða sér um sjálfsmat skólans, en í *Skólaskýrslu 2009 – 2010*, bls. 10 er greint frá því að núverandi verkefnisstjóri í sjálfsmati sé Bjarni Guðmundsson, og hafi hann „yfirumsjón með sjálfsmati í MA og stýrir fundum sjálfsmatsnefndar“ (1). Úttektaraðilar telja að nauðsynlegt sé að skýrt komi fram hver beri ábyrgð á sjálfsmati skólans á hverjum tíma og eðlilegt sé að það komi fram á vefsíðu, og ennfremur að forðast rugling eða misskilning á hlutverki matsfulltrúa annars vegar og sjálfsmatsnefnd hins vegar.

Starfsáætlun sjálfsmatsnefndar 2010 – 2013 getur, að mati úttektaraðila, ekki talist eiginleg sjálfsmatsáætlun. Fyrir skólaárið 2010 – 2011 eru nefnd verkefni sjálfsmatsnefndar fyrir hvern mánuð frá október til júní. Fyrir árin 2011 – 2012 og 2012 – 2013 eru nefnd eitt til tvö verkefni á hvorri önn (13). Ekki er hægt að meta hversu *altækt* og *formlegt* sjálfsmatið er, því ekki er lýst hvernig skólinn áætla að ná til allra helstu þátta skólastarfsins yfir ákveðið tímabil, og ekki er gerð grein fyrir þeim aðferðum sem er beitt eða hvernig staðið er að sjálfsmatinu í heild. Þá er ekki gerð grein fyrir því hvernig sjálfsmatið tengist skólanámskrá og stefnu og markmiðum skólans, eins og gert er ráð fyrir í lögum um framhaldsskóla frá

2008, 41. gr. (5) og aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2004 (6). Að mati úttektaraðila ætti að gera grein fyrir öllu þessu í sjálfsmatsáætlun skólans.

Sjálfsmatskýrslur skólans frá 2002 til 2010 sýna að töluverður metnaður og vinna hefur verið lögð í sjálfsmatið. Ýmsar aðferðir hafa verið ræddar og reyndar, og í samvinnu við Verkmenntaskólann á Akureyri fékkst þróunarstyrkur til að hefja vinnu við *Lýðræðislegt sjálfsmat* í október 2005 (11). Lýðræðislegt sjálfsmat er að mati úttektaraðila eins konar blanda af sjálfsmati og þróunarvinnu, og krefst því mikils tíma og vinnu af starfsmönnum skólans. Nokkur árangur og þátttaka virðist hafa náðst í lýðræðislegu sjálfsmati á árunum 2006 til 2009, en veturinn 2009 – 2010 var þetta lagt til hliðar vegna sparnaðar. Engir námsgreinastjórar voru þá ráðnir við skólann, en þeir höfðu haft nokkurs konar umsjón með sjálfsmatsstarfi sinnar deildar. Að sögn skólameistara er staðan óbreytt þetta skólaár.

Lengst af hafa fimm manns starfað í sjálfsmatsnefndinni, en árið 2009 – 2010 fækkaði um einn í sparnaðarskyni. Margvíslegar umbætur hafa komið út úr sjálfsmatinu eins og kemur fram í skýrslunni 2007 – 2008, en þá „fýsti sjálfsmatsnefndina að vita hvernig úrbótatillögum hefði reitt af og gerði í því skyni úttekt á úrbótatillögum árin 2004 – 2007“. Úttektin er mjög greinargóð og sýnir að af 41 úrbótatillögu var 16 lokið, 16 lokið að hluta eða í framkvæmd og 9 var ólokið. Þar af voru þrjár tillögur á ábyrgð Lunda sem rekur heimavistina (10). Einni úrbótatillögu hefur verið „ólokið“ frá því hún kom fram í skýrslunni 2002 – 2003, en það er að „breyta skólaárinu“. Í viðtali við skólameistara í þessari úttekt kom fram að þessu verkefni er enn ólokið.

Að mati úttektaraðila er ein af skyldum sjálfsmatsnefndar að fylgjast reglulega með framgangi umbótaverkefna. Vissulega eru skólastjórnendur framkvæmdaraðilar, ekki sjálfsmatsnefnd, en nefndin hlýtur að verða að halda utanum öll umbótaverkefni frá upphafi til enda til að þau „týnist“ ekki og alltaf sé ljóst hvernig þau standi. Tilraunir með lýðræðislegt sjálfsmat virðast hafa leitt af sér mörg og þörf umbótaverkefni, kannski of mörg. Sjálfsmatsnefnd hefði þá í samráði við skólastjórnendur getað forgangsraðað umbótaverkefnum í sjálfsmatsáætlun til nokkurra ára, þannig að raunhæft teldist.

Svo virðist sem sjálfsmat MA byggist aðallega á viðhorfskönnunum. Þetta eru mest áfanga- eða kennslukannanir, en einnig ýmsar þjónustukannanir. Þá hafa líka farið fram foreldrakannanir og kannanir meðal starfsfólks. Allt byggist þetta á spurningalistum og úrvinnslu á þeim. Áreiðanleiki viðhorfskannana byggist mest á orðalagi spurninga og þátttöku



þeirra sem spurðir eru. Hvort tveggja getur haft áhrif á túlkun niðurstaðna og samanburð milli ára.

Tölfræðilegar kannanir virðast hafa verið gerðar að einhverju marki frá 2005 til 2009, til dæmis um skólasókn og einkunnir nemenda í 1. og 2. bekk, fylgni einkunna og mætinga, árangur í stærðfræði og brotthvarf í 1. og 2 bekk.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla er bent á að „skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á tölulegum gögnum en þurfa þá að meta starf sitt með öðrum hætti, eins og með viðhorfskönnunum“ (6). Og í bæklingnum *Sjálfsmat skóla* sem ráðuneytið gaf út 1997 er m.a. sagt: „Skólar halda nú þegar utanum margs konar upplýsingar. Úrvinnsla þessara gagna getur verið grundvöllur fyrir sjálfsmat, nýja markmiðssetningu og umbætur“ (7).

Ráðuneytið virðist því telja tölulegar upplýsingar undirstöðu sjálfsmats, stutt af viðhorfskönnunum þegar við á. Þetta ætti skólinn ef til vill sérstaklega að skoða við endurskoðun skólanámskrár, og skilgreina árangursviðmið og kennitölur og tengsl innra mats við skólanámskrá.

Skólameistari segir að sérstök sjálfsmatsnefnd starfi við skólann, einn stjórnandi og þrír kennarar. Nefndin semji sjálfsmatsáætlun til þriggja ára sem sé rædd á kennararfundum og að því loknu kynnt skólanefnd. Kennari segir að nefndin gefi út skýrslu eftir árið með úrbótatillögum sem fari til skólastjórnenda. Athugað hafi verið hvernig gekk að klára mál og flest hefur tekist að klára nema tillöguna um að breyta skólaárinu. Mikilvægt sé að breyta því þar sem það skapi ýmis vandamál en ekki fáist peningar til þess enda sé mikill kostnaður því samfara að greiða kennurum einn mánuð aukalega þegar það yrði gert. Skólameistari segist bera ábyrgð á innra matinu og formaður nefndar á hverjum tíma. Kennarar töldu sumir að aðstoðarskólameistari bæri ábyrgð á matinu eða nefndin öll.

Kennarar eru allir kunnugir störfum nefndarinnar og telja að matið sé kerfisbundið og að unnið sé samkvæmt tímaáætlun. Matið byggi á traustum gögnum og nefna kannanir í því sambandi og skólameistari segir að matið þurfi að standast gagnrýni hópsins.

Varðandi umbótastarf sem unnið er á grundvelli matsins segir skólameistari: „*Til dæmis lengi verið umræða um að draga úr brottfalli. Veigamikil breyting á fyrsta ári er að samþætta námsgreinar í Íslandsáfangu til að auka ábyrgð og áhuga nemenda til námsins, gera þá jákvæðari, finnist þeir vera að gera þetta fyrir sjálfa sig og falli síður á prófum*“. Margir

viðmælenda vísa til þess sama en nefna að auki bættan aðbúnað á heimavist, samskiptaferli, ræstingar, móttöku nýnema og að mötuneytið hafið verið tekið út auk stoðþjónustu við nemendur. Nemendur eru ekki eins kunnugir umbótastarfi á grundvelli innra mats og taka fram að þeir flytjist upp um ár og geti því illa metið þetta.

Stjórnendur og kennarar tala um að kennarar telji matið gagnlegt og geri það að sínu en misjafnlega þó, fari eftir því hve nærri það gengur einstaklingunum. Kennarar vitna margir til lýðræðislegs sjálfsmats sem var í skólanum fyrir nokkrum árum: „Þá komu fleiri að þessu. Eins konar þróunarvinna og mat. Var betra þegar þetta var“. Misjafnt sé hvernig kennarar nýti matið og sumir fari auðveldu leiðina og beri saman einkunnir milli ára meðan aðrir vinni virkari umbótastörf. Matið sé aðgengilegt á netinu fyrir alla. Árlega komi skýrsla frá sjálfsmatsnefndinni og hægt sé að lesa hana á netinu.

Þrátt fyrir að nokkuð mikið sé lagt í innra mat skólans telja úttektaraðilar að matið uppfylli ekki að öllu leyti viðmið ráðuneytisins eins og þeim er lýst í aðalnámskrá framhaldsskóla, svo sem: formlegt, altækt, áreiðanlegt, lýsandi, greinandi, árangursmiðað, o.s.frv. (6).

Á tímum samdráttar í framlögum ríkisins til framhaldsskóla verða skólarnir að spara eins og unnt er. Varast skyldi þó að spara of mikið framlög til sjálfsmats, einkanlega á tímum breytinga. Við rýni á sjálfsmatsskýrslum MA virðist ljóst að mikið af þörfum umbótaverkefnum hefur orðið til undanfarin ár, og mörgum þeirra er ólokið enn. Þar við bætist innleiðing Íslandsáfangans, sem er liður í innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Það er mat úttektaraðila að skólinn ætti að íhuga að setja Íslandsáfangann í forgang í sjálfsmati skólans næstu tvö til þrjú árin, og ætti það að koma fram í sjálfsmatsáætlunum skólans.

Búið er að skipa sérstakan matsfulltrúa til að fylgjast með framgöngu Íslandsáfangans, en hann virðist skipaður sem verkefnisstjóri sem hefur samstarf við sjálfsmatsnefndina samkmæmt starfslýsingu (32). Að okkar mati ætti matsfulltrúinn að vera hluti af sjálfsmatsnefndinni, að minnsta kosti um tíma. Að öðrum kosti er hætta á að dregið sé úr hlutverki sjálfsmatsnefndar, en hún á einmitt að styðja við og meta framgang umbótaverkefna, þar með taldar námskrárbreytingar.

Mat okkar er að nauðsynlegt sé að skýrt komi fram í starfslýsingum og á vefsíðu skólans hver sé ábyrgur fyrir sjálfsmati skólans.

Sjálfsmatið hafi verið notað til umbóta í skólanum.



Ekki sé hægt að meta hve altækt eða formlegt matið sé.

Upplýsingar um matið séu aðgengilegar og birtist reglulega.

Mikilvægt sé að forgangsraða verkefnum í sjálfsmatsáætlun.

Skólinn geti nýtt sér betur fyrirliggjandi upplýsingar í sjálfsmatinu.

Metnaður sé í skólanum fyrir öflugum sjálfsmati.

Ytra mat

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla annast ráðuneytið ytra mat á skólum samkvæmt þriggja ára áætlun, og skal gerð úttekt á hverjum framhaldsskóla á fimm ára fresti a.m.k. (5, 42. gr.). Þetta er fyrsta úttektin af þessu tagi á MA.

Í febrúar 2010 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun á innleiðingu laga um framhaldsskóla fyrir ráðuneytið, þ.m.t. í MA (8). Þar kemur m.a. fram að í um 60% skólanna er skólanámskráin að einhverju leyti í samræmi við ákvæði 22. gr. laga um framhaldsskóla. Eins og kemur fram í kaflanum *Skólanámskrá* hér að framan er áætlað að vinna við nýjar námsbrautalýsingar ljúki nú á haustönn 2011 í MA. Skólinn virðist því standa sig nokkuð vel í þessum málum ef miðað er við stöðu framhaldsskólanna almennt.

Á árunum 2007 og 2008 voru gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum 29 framhaldsskóla. Úttektirnar leiddu í ljós að í 22 skólum af 29 voru viðmið ráðuneytisins að öllu leyti uppfyllt bæði um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats (9). MA var með í þessum úttektum en niðurstöður hvers skóla koma ekki fram í þessum skýrslum. Í sjálfsmatskýrslu MA 2007 – 2008 er hins vegar vísað í þessa úttekt og að niðurstaðan hafi verið eftirfarandi: „Í stuttu máli má segja að staða sjálfsmats við skólann sé fullnægjandi og í mjög góðum farvegi. Vel er staðið að undirbúningi, markmiðssetningu, úrvinnslu og nýtingu á niðurstöðum“ (10).

Í sjálfsmatskýrslu 2008 – 2009 er vísað í verkefni sem unnið var af Ingu Sigrúnu Atladóttur háskólanema, sem fólst í því að greina sjálfsmat í MA. Niðurstaða höfundar er að „helstu styrkleikar þess séu sífelld þróun sjálfsmatsins, vilji til að takast á við breytingar og sú staðreynd að matsverkefnum sé fylgt markvisst eftir“. Veikleiki er hins vegar talinn að „innan sjálfsmatsins eru notaðar ýmsar matsaðferðir sem erfitt er að samrýma og endurspeglu ólíka hugmyndafræði. Hugtakanotkun er auk þess stundum ekki nógu skýr“ (13).



Hitt og Þetta ehf.

Við getum í úttekt okkar tekið undir þessar niðurstöður að að mestu leyti, samanber mat okkar á sjálfsmati MA hér að framan.

Mat okkar er að lítið sé ennþá fyrirliggjandi til að styðjast við um ytra mat á MA.

Þær úttektir sem gerðar hafa verið á sjálfsmati skólans stangist ekki í meginatriðum á við niðurstöður okkar hér.

Tillögur

- Í sjálfsmatsáætlun skólans komi fram hvernig skólinn ætlar að ná til allra helstu þátta skólastarfsins yfir ákveðið tímabil.
- Skýrt verði kveðið á um ábyrgðir og hlutverk varðandi sjálfsmat skólans, og matsfulltrúi Íslandsáfanga verið hluti af sjálfsmatsnefnd.
- Sjálfsmatið byggi á fjölbreyttari gögnum en viðhorfskönnunum og nýti betur fyrirliggjandi upplýsingar.
- Í sjálfsmatsáætlun verði verkefnum forgangsraðað og sérstaklega hugað að mati á Íslandsáfanganum næstu árin.

Niðurstöður höfunda

Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar

- Starfsfólk, kennarar og nemendur bera mikið traust til skólastjórnenda
- Stjórnun skólans einkennist af valddreifingu, umburðarlyndi og sanngirni að mati viðmælenda
- Skólasýn er stefna skólans og allir komu að mótun hennar
- Skólasýnin birtist í skólanámskránni
- Vinna við nýja skólanámskrá hófst 2003
- Litið er á nýju framhaldsskólalögin frá 2008 sem meðbyr við vinnu sem var hafin
- Námsframboð er fjölbreytt
- Framsæknin og hefðin spila vel saman í breytingum
- Innritun samkvæmt nýrri skólanámskrá hófst haustið 2010
- Vinnu við nýja skólanámskrá á að ljúka haustið 2011
- Kennarar hvetja nemendur til að sýna einkunnarorð skólans í verki
- Grunnþættir ráðuneytisins eru hluti af skólasýninni og skólanámskránni
- Nemendur tengja grunnþættina við verkefni sín
- Góður skólabragur er áberandi að mati allra viðmælenda
- Stjórnendur hvetja kennara til menntunar og endurmenntunar
- Flestir styðja breytingar á skólanámskránni
- Stjórnendur telja eðlilegt að ólíkar skoðanir komi fram um breytingar
- Fylgst er með líðan nemenda á markvissan hátt
- Nemendaverndarráð starfar við skólann
- Upplýsingaflæði er gott að mati starfsfólks
- Nemendur stjórna félagslífi á ábyrgan hátt
- Nemendur hafna áfengi á skemmtunum skólans
- Forvarnarstefna er við skólann
- Eineltisstefna er til fyrir nemendur með sérkafla fyrir starfsfólk
- Nemendur eiga gott með að láta skoðanir sínar í ljósi
- Nemendur eiga gott með að færa rök fyrir skoðunum sínum
- Fjölbreytni í kennsluaðferðum



Hitt og Þetta ehf.

- Fjölbreyttara námsmat en áður að mati viðmælenda
- Kennarar eru allir kunnugir sjálfsmatinu og stöðu þess
- Starfsmenn telja allir að umbótastarf sé unnið á grundvelli sjálfsmatsins
- Afstaða foreldra er jákvæð í garð skólans
- Fylgst er með því hvert nemendur skólans fara að loknu námi við skólann

Veikleikar

- Niðurskurður á fjárveitingum til skólans
- Brotthvarf nemenda
- Enginn skráður farvegur fyrir ágreiningsmál
- Nemendur ekki kunnugir eineltisáætlun skólans
- Engin jafnréttisstefna er til fyrir skólann
- Einelti meðal starfsfólks er aðeins hluti af eineltisáætlun nemenda
- Engin móttökuáætlun er til fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku
- Nemendum finnst ákveðinn hópur kennarar of íhaldssamur
- Námsráðgjafar eru hluti af stjórnkerfi skólans
- Ekki jafnt aðgengi nemenda með námsörðugleika að námsráðgjöfum
- Umdeild stærðfræðikennsla
- Lítil tenging við atvinnulífið
- Hefðir geta hindrað framfarir



Tillögur að aðgerðum til úrbóta

- Gengið verði frá skólasamningi MA við ráðuneytið.
- Skólinn birti skipurit yfir stjórnkerfi skólans.
- Skólinn hafi allar upplýsingar um erlent samstarf á sértengli á vefsíðu skólans og geti verkefnisstjóra á síðu yfir verkefnistjóra.
- Námsráðgjafar verði skilgreindir talsmenn nemenda en ekki hluti af stjórnkerfi skólans.
- Upplýsingamiðlun af fundum ráða og nefnda verði bætt.
- Skólanámskrá verði staðfest af skólanefnd.
- Upplýsingar sem koma fram í áfangasamantektum verði betur nýttar.
- Vel sé fylgst með öllum þáttum Íslandsáfangans með tilliti til úrbóta.
- Tekið verði tillit til óska nemenda um samræmdara námsmat.
- Skólinn taki upp reglubundna umræðu um eineltisáætlunina þannig að öllum nemendum sé hún kunn.
- Skólinn semji móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.
- Í sjálfsmatsáætlun skólans komi fram hvernig skólinn ætlar að ná til allra helstu þátta skólastarfsins yfir ákveðið tímabil.
- Skýrt verði kveðið á um ábyrgðir og hlutverk varðandi sjálfsmat skólans og matsfulltrúi Íslandsáfangans verði hluti sjálfsmatsnefndar.
- Sjálfsmatið byggi á fjölbreyttari gögnum en viðhorfskönnunum og nýti betur fyrirbyggjandi upplýsingar.
- Í sjálfsmatsáætlun verði verkefnum forgangsraðað og sérstaklega hugað að mati á Íslandsáfanganum næstu árin.

Heimildir

1. Skólaskýrsla Menntaskólans á Akureyri skólaárið 2009 – 2010, Akureyri, september 2010.
2. Skýrslur námsgreinastjóra við Menntaskólann á Akureyri skólaárið 2009 – 2010, september 2010.
3. Vefsíða - Sjálfsmat Menntaskólans á Akureyri: <http://www.ma.is/skolinn/sjalfsmat-ma/>, 25.05.2011.
4. Vefsíða – Verkefnastjórar: <http://www.ma.is/skolinn/stjorn/verkefnastjorar/>, 25.05.2011.
5. Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008: <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>, 15.04.2011.
6. Aðalnámskrá framhaldsskóla 2004: <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Mmal.pdf>, 12.01.2011.
7. Sjálfsmat skóla, menntamálaráðuneytið 1997: http://bella.stjr.is/utgafur/sjalfsmat_skola.pdf, 13.01.2011.
8. Könnun meðal skólameistara og rektora á innleiðingu og framkvæmd laga um framhaldsskóla, HÍ febrúar 2010: http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Skyrsla_framhaldsskolar_loka_25.02.10.pdf, 13.01.2010.
9. Niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla 2007-2008 : heildarniðurstöður: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgafuskra/>, 04.05.2011.
10. Vefsíða – Sjálfsmatsskýrsla 2007 – 2008: <http://old.ma.is/skolinn/sjalfsmat/Sjalfsmatsskyrsla%202007-2008.pdf>, 26.05.2011.
11. Vefsíða – Sjálfsmatsskýrsla 2005 – 2006: <http://www.ma.is/media/skolinn/sjalfsmat/Sjalfsmat0506.pdf>, 26.05.2011.
12. Vefsíða – Sjálfsmatsskýrsla 2008 – 2009: <http://old.ma.is/skolinn/sjalfsmat/Sjalfsmatsskyrsla%202008-2009.pdf>, 27.05.2011.
13. Vefsíða – Starfsáætlun sjálfsmatsnefndar 2010 – 2013: <http://www.ma.is/media/skolinn/sjalfsmat/starfsaaetlun2010-2013.pdf>, 27.05.2011.



14. Stiklað á stóru um Menntaskólann á Akureyri, í apríl 2011, svp.
15. Vefsíða – Hús skólans: <http://www.ma.is/skolinn/hus-skolans/>, 27.05.2011.
16. Vefsíða – Heimavist MA og VMA: http://heimavist.is/page/ad_bua_a_heimavist, 27.05.2011.
17. Vefpóstur frá Sigurlaugu Önnu Gunnarsdóttur til Jóns Bergssonar, 27.05.2011, 17:01.
18. Vefpóstur frá Sigurlaugu Önnu Gunnarsdóttur til Jóns Bergssonar, 28.05.2011, 15:03.
19. Vefsíða – Nemendavernd: <http://www.ma.is/namid/nemendavernd/>, 30.05.2011.
20. Vefsíða – Starfsmannastefna: <http://www.ma.is/skolinn/starfsmannastefna/>, 30.05.2011.
21. Vefsíða – Velgengnis dagar: <http://www.ma.is/skolinn/ny-namskra-ma/velgengnisdagar/>, 30.05.2011.
22. Vefsíða – Eineltisáætlun: <http://www.ma.is/namid/nemendavernd/namsradgjof/eineltisaaetlun/>, 03.05.2011.
23. Vefsíða – Fréttir/Meðal tíu bestu: <http://www.ma.is/kvosin/frettir/nr/1636>, 30.05.2011.
24. Vefsíða – Kennsluáætlun/ENS2B040: <http://www.ma.is/namskra/namsgreinar/enska/afangar/ens2b040/>, 30.05.2011.
25. Vefsíða – Kennsluáætlun/DAN212: <http://www.ma.is/namskra/namsgreinar/danska/eldriaafangar/dan212/>, 30.05.2011.
26. Vefpóstur frá Jóni Má Héðinssyni til Jóns Bergssonar, 08.04.2011, 17:50.
27. Vefsíða – Námsráðgjöf: <http://www.ma.is/namid/nemendavernd/namsradgjof/>, 30.05.2011.
28. Vefpóstur frá Þorbjörgu Þorsteinsdóttur til Jóns Bergssonar, 26.05.2011, 13:12.
29. Vefsíða – Skólasýn MA: <http://www.ma.is/skolinn/starfsemi/skolaarid/skolasynMA/>, 31.05.2011.
30. Vefsíða – Megináherslur MA: <http://www.ma.is/skolinn/starfsemi/skolaarid/hlutverk-og-markmid/meginaherslur/>, 31.05.2011.
31. Vefsíða – Sérstaða MA: <http://www.ma.is/skolinn/starfsemi/skolaarid/hlutverk-og-markmid/serstada/>, 31.05.2011.
32. Vefsíða – Stjórn skólans: <http://www.ma.is/skolinn/stjorn/>, 31.05.2011.
33. Vefsíða – Reglur um bindindi: <http://www.ma.is/skolinn/reglur-skolans/reglur-um-bindindi/>, 31.05.2011.
34. Vefsíða – Námsgreinar á 1. ári: http://old.ma.is/kynning/kynning_haust_10.pdf, 31.05.2011.

35. Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla, nr. 1100/2007.
36. Vefpóstur frá Sigurlaugu Önnu Gunnarsdóttur til Jóns Bergssonar, 31.05.2011, 16:53.
37. Vefsíða – Starfsmannastefna MA: <http://www.ma.is/skolinn/starfsmannastefna/>, 31.05.2011.
38. Vefsíða – Flensan og skólinn: <http://www.ma.is/kvosin/frettir/nr/828>, 31.05.2011.
39. Vefsíða – Grænáninn við MA: <http://www.ma.is/kvosin/frettir/nr/634>, 31.05.2011.
40. Vefpóstur frá Sigurlaugu Önnu Gunnarsdóttur til Jóns Bergssonar, 19.04.2011, 10:15.
41. Reglugerð um skólanefndir við framhaldsskóla, nr. 132/1997.
42. Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla, nr. 140/1997.
43. Vefsíða – Fréttir: <http://www.ma.is/kvosin/frettir/>, 31.05.2011.
44. Vefpóstur frá Jóni Má Héðinssyni til Jóns Bergssonar, 31.05.2011, 20:12.
45. Vefpóstur frá Jóni Má Héðinssyni til Jóns Bergssonar, 31.05.2011, 10:08.
46. Vefsíða – Bókasafn MA: <http://www.ma.is/bokasafn/>, 31.05.2011.
47. Vefsíða – Námskrá: <http://www.ma.is/namskra/>, 01.06.2011.
48. Vefsíða – Skólinn: <http://www.ma.is/skolinn/>, 01.06.2011.
49. Vefsíða – Kvosin: <http://www.ma.is/kvosin/>, 01.06.2011.
50. Vefsíða – Foreldrafélag MA: <http://www.ma.is/kvosin/forma/>, 01.06.2011.
51. Vefpóstur frá Jóni Má Héðinssyni til Jóns Bergssonar, 01.06.2011, 09:57.
52. Vefsíða – Ný námskrá MA: <http://www.ma.is/namid/ny-namskra-ma/>, 01.06.2011.
53. Vefsíða – Innritun nemenda: <http://www.ma.is/namid/innritun/>, 01.06.2011.
54. Vefsíða – Velgengnis dagar: <http://www.ma.is/skolinn/ny-namskra-ma/velgengnisdagar/>, 01.06.2011.
55. Vefsíða – Listnámsbraut: <http://www.ma.is/namskra/fyrir2010/listnamsbraut/>, 01.06.2011.
56. Vefpóstur frá Jóni Má Héðinssyni til Jóns Bergssonar, 01.06.2011, 23:27.
57. Skýrslur námsgreinastjóra við Menntaskólann á Akureyri, skólaárið 2009 – 2010, september 2010.
58. Vefsíða – Valgreinar 2011 – 2012: <http://www.ma.is/namid/valgreinar-2011-2012/>, 02.06.2011.